



Ársskýrsla 2004

Efnisyfirlit

4	Inngangur
5	Skipurit
6	Yfirstjórn og starfsmannahald Yfirstjórn Starfsmannahald
9	Fjármál
10	Stjórnsýsla, þróunarstarf og stefnumótun Stefna Vinnueftirlitsins Gæðahandbók í fyrirtækjaeftirliti Vinnuumhverfisvísar Aðlagð eftirlit Eftirfylgni fyrirmæla Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað Viðurkenning þjónustuaðila og ráðgjafa í vinnuvernd Rannsóknastofa í vinnuvernd Nýjar reglur og reglugerðir
13	Eftirlitsstarfið Fyrirtækjaeftirlit Eftirlit í landbúnaði Bygginga- og mannvirkjagerð Gjaldskyldar skóðanir vinnuvéla og tækja Markaðseftirlit Umsagnir og leyfisveitingar
18	Sérhæfðar mælingar
19	Átaksverkefni Evrópskt eftirlitsátak í byggingariðnaði Evrópska vinnuverndarvikan 2004 Tilraunaverkefni um áhættumat og forvarnir BB-tilraunaverkefnið: Betri liðan – Bættur hagur
22	Vinnuslys og atvinnusjúkdómar Rafrænt eyðublað til að tilkynna vinnuslys Tilkynnt vinnuslys Atvinnusjúkdómar
26	Fræðslu- og upplýsingastarf Fræðslustarf Útgáfustarfsemi Kynningar- og upplýsingamál
30	Rannsóknir
30	Innlent samstarf
31	Erlent samstarf Norræna ráðherranefndin Annað norrænt samstarf Annað erlent samstarf
32	Ráðstefnur og málþing
33	Birtar greinar og bókakafar
34	Skýrslur og þýðingar

Ársskýrsla Vinnueftirlits ríkisins fyrir árið 2004

Ritstjórar: Þóra Magnea Magnúsdóttir og Hanna Kristín Stefánsdóttir

Ábyrgðarmaður: Eyjólfur Sæmundsson

Aðalmynd á forsiðu: Hvannadalshnjúkur ljósm. Eyjólfur Sæmundsson

Aðrar myndir: Ýmsir

Útlit og frágangur: MIXA hönnun og auglýsingar

Prentun: Gutenberg

Vinnueftirlitið 2005

Inngangur

Segja má að tvennt hafi öðru fremur mótað starf Vinnueftirlitsins á árinu 2004; annars vegar lagabreytingin, sem gerð var vorið 2003, og hins vegar umfangsmiklar verklegar framkvæmdir í landinu sem takmarkast ekki við virkjunarframkvæmdir á Austurlandi.

Eins og skýrslan ber með sér fjölgaði tilkynntum vinnuslysum við bygginga-
starfsemi á árinu. Þetta stafar af hinum miklu framkvæmdum en einnig af því að við framkvæmdirnar fyrir austan er staðið mjög vel að tilkynningu vinnuslysa.

Í ársskýrslunni eru nú birtar upplýsingar um fjölda dauðaslysa við vinnu allt frá 1960. Kemur þar glögg fram sú ánægjulega þróun að slíkum slysum hefur fækkað verulega og eru þau að jafnaði færri árið 2004 en nokkru sinni fyrr á þessu tímabili.

Áðurnefnd lagabreyting felur m.a. í sér að sjálfstætt starfandi ráðgjafar gegna stærra hlutverki en áður. Atvinnurekandanum ber að leita til slíkra aðila ráði hann ekki sjálfur yfir nauðsynlegri þekkingu til að geta viðhaft fullnægjandi forvarnir.

Á árinu var sett ný reglugerð um aðgerðir til að koma í veg fyrir einelti á vinnustöðum. Reglugerðin markar tímamót því þetta er í fyrsta sinn sem sérstakar reglur eru settar um sálfélagslegan þátt vinnuverndar. Töluverð umræða varð um þessi mál og vonandi mun takast vel til með forvarnir á þessu sviði.

Á grundvelli hinna nýju lagaákvæða var á árinu unnið að undirbúningi nýrrar reglugerðar um áhættumat og forvarnir á vinnustöðum. Ráðgert er að ljúka því verki um mitt þetta ár. Mikilvægt er að vel takist til með þetta verk þannig að vinnuvernd verði æ sterkari þáttur en áður í daglegum verkefnum fyrirtækjanna. Jafnframt verður að haga málum þannig að framkvæmdin verði sem hagkvæmust, þ.e. að sem bestur árangur náist með hóflegum tilkostnaði.

Hinn 17. des. 2004 samþykkti stjórn Vinnueftirlitsins nýja stefnu fyrir starfsemina til næstu þriggja ára. Vissulega fela vinnuverndarlögin í sér stefnu stjórnvalda í þessum málum en nú eru stefnumiðin sett fram með nýjum hætti sem ætlað er að gera starf Vinnueftirlitsins markvissara. Segja má að meginmarkmiðið sé að vinnuvernd verði í hávegum höfð hér á landi.

Á árinu voru gerðar breytingar á lögum um tryggingagjald. Vinnueftirlitið hefur fram til þessa haft sérstakar markaðar tekjur sem innheimtar hafa verið sem hluti tryggingagjalds. Nú var ákveðið að fella þennan tekjustofn niður en stofnunin fær þess í stað framlag á fjárlögum. Mjög er hætt við að þessi ráðstöfun muni veikja fjárhagslegan grundvöll starfseminnar.

Enn verð ég að halda því til haga að verkefnum er gjarnan bætt á stofnanir hins opinbera án þess að nægilegir fjármunir fylgi til þess að unnt sé að framkvæma þau með góðu móti. Þetta á svo sannarlega við um Vinnueftirlitið. Eins og skýrslan ber með sér var verulegur halli á rekstrinum og gengur nú ört á eigið fé stofnunarinnar.




Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri

Í maí 2005

Eyjólfur Sæmundsson

Skipurit

Hér fyrir neðan er skipurit sem sýnir stöðu Vinnueftirlitsins innan stjórnkerfisins, svo og deildaskiptingu þess, umdæmi og helstu verkefni aðalskrifstofu. Heiti sérfræðideildanna, sem allar eru staðsettar í höfuðstöðvunum í Reykjavík, eru lýsandi fyrir hina fjölbreytilegu starfsemi Vinnueftirlitsins. Hjá umdæmisskrifstofunum, sem dreifðar eru um land allt (sjá landakortið í kaflanum Yfirstjórn og starfsmannahald), fer hins vegar eftirlitsstarfsemin fram. Með eftirlitsstarfsemi er átt við fyrirtækjaeftirlit, eftirlit með vinnuvélum og tækjum og markaðseftirlit. Umdæmisskrifstofurnar heyra undir eina sérfræðideildina, þ.e. þróunar- og eftirlitsdeild. Eins og sjá má eru eftirlitsumdæmin átta að tölu en Norðurlandsumdæmi eystra og Austurlandsumdæmi lúta nú sömu stjórn og er sú tilhögun gerð í tilraunaskyni.



Yfirstjórn og starfsmannahald

Yfirstjórn

Í stjórn Vinnueftirlitsins sitja níu menn. Ráðherra skipar stjórnina til fjögurra ára í senn en formann án tilnefningar. Einn stjórnarmaður kemur frá fjármálaráðuneytinu en aðilar vinnumarkaðarins tilnefna hina sjö. Í stjórninni sitja einnig tveir áheyrnarfulltrúar frá starfsmönnum Vinnueftirlitsins. Taflan hér fyrir neðan sýnir skipan stjórnarinnar.



Stjórn Vinnueftirlitsins, talið frá vinstri:
Eyjólfur Sæmundsson forstjóri, Jón Rúnar Pálsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Sigríður Kristinsdóttir, Halldór Grönvold, Halldór Jónsson, Hersir Oddsson, Herdís Sveinsdóttir og Pétur Reimarsson.

Stjórn Vinnueftirlitsins frá 1. júní 2003

Samtök	Fjöldi	Aðalmenn	Varamenn
Alþýðusamband Íslands	2	Guðrún Kr. Óladóttir Halldór Grönvold	Halldór Jónsson Stefán Ó. Guðmundsson
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	1	Sigríður Kristinsdóttir	Vernharð Guðnason
Bandalag háskólamanna	1	Herdís Sveinsdóttir	Karen Bjarnhéðinsdóttir ¹
Samband íslenskra sveitarfélaga	1	Hersir Oddsson	Inga Hersteinsdóttir
Samtök atvinnulífsins	2	Jón Rúnar Pálsson Pétur Reimarsson ²⁾	Ásbjörn Einarsson Ragnheiður Héðinsdóttir
Fjármálaráðuneyti	1	Gunnar Björnsson	Þórhallur Vilhjálmsson
Formaður	1	Guðjón Ólafur Jónsson	Edvard Börkur Edvardsson
Alls	9		

1) Karen tók við af Aðalheiði Pálsdóttur í september 2004.

2) Pétur Reimarsson tók sæti Óskars Maríussonar í júní 2004.

Í töflunni hér fyrir neðan eru upplýsingar um fundafjölda og stjórnarsýsluafgreiðslur.

Stjórnarstörf	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fundir í aðalstjórn	10	11	8	9	6	10
Fundir í landbúnaðarstjórn	1	1	2	1	1	*
Samþykktar nýjar reglur eða breytingar á reglum	4	4	8	3	4	4
Áfrýjanir til stjórnar skv. 98. gr. vinnuverndarlaganna	3	0	2	0	0	0**

* Stjórn Vinnueftirlitsins í landbúnaði var lögð niður með lagabreytingu í mars 2003.

** Með lagabreytingunni í mars 2003 er ekki lengur hægt að áfrýja ákvörðunum Vinnueftirlitsins til stjórnar Vinnueftirlitsins.

Varðandi samþykktar reglur í stjórn vísast í undirkaflann *Nýjar reglur og reglugerðir í kaflanum Stjórnarsýsla, þróunarstarf og stefnumótun.*

Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins



Starfsmannahald

Í árslok voru starfsmenn Vinnueftirlitsins 72 talsins í 69,3 stöðugildum. Konur voru 28 að tölu (9 í hlutastörfum) en karlar voru 44. Í Reykjavík störfuðu 49, þar af 15 við eftirlitsstörf á höfuðborgarsvæðinu og 34 við sameiginlega þjónustu, sérfræðistörf, rannsóknir og stjórnun. Unnin ársverk hjá Vinnueftirlitinu voru 77.

Í eftirlitsumdæmunum sjö utan höfuðborgarsvæðisins störfuðu 24 starfsmenn, þar af 17 við eftirlitsstörf og sjö við skrifstofustörf o.fl. Sundurliðun starfsmanna á deildir má sjá hér á eftir.

Starfsmenn og stöðugildi hjá Vinnueftirlitinu árin 2004 og 2003

	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fjöldi starfsmanna
Deildir	2004	2004	2003	2003
Yfirstjórn/skrifstofa	10,1	10	8,75	10
Þróunar- og eftirlitsdeild	3,7	4	4,0	4
Tæknideild	2,2	2	2,0	2
Vinnuvéladeild	10,1	10	10,0	10
Fræðsludeild	3,7	3	3,4	4
Efna- og Hollustuháttadeild	3,4	4	3,5	4
Rannsókn- og heilbrigðisdeild	5,2	5	4,0	4
Reykjavíkumdæmi	8,0	8	8,0	8
Vesturlandsumdæmi	2,5	3	2,5	3
Vestfjarðumdæmi	1,8	2	1,75	2
Norðurlandsumdæmi vestra	2,5	3	2,5	3
Norðurlandsumdæmi eystra	5,0	5	5,0	5
Austfjarðumdæmi	3,5	4	3,75	4
Suðurlandsumdæmi	4,0	4	4,71	5
Suðurnesjaumdæmi	2,7	3	2,5	3
Tölvuvæðing	1,0	2	0	0
Samtals	69,3	72	66,36	71

Samantekt

Starfsmenn í Reykjavík	47,3	48,0	43,7	46,0
Starfsmenn úti á landi	21,9	24,0	22,7	25,0
Fjöldi starfsmanna samtals	69,3	72,0	66,4	71,0
Fjöldi kvenna		28,0		25,0
Fjöldi karla		44,0		46,0
Ársverk samtals unnin	77,0		71,4	
Þar af ársverk v/yfirvinnu o.fl.	7,7		6,9	
Starfsmannavelta*	8,3%			

* Þ.e. fjöldi fastra starfsmanna sem hætta / heildarfjöldi starfsmanna

Starfsmenn Vinnueftirlitsins í árslok 2004

Yfirstjórn

Eyjólfur Sæmundsson forstjóri

Aðalskrifstofa

Dagrún Þórðardóttir skrifstofustjóri
Berglind Lovísa Sveinsdóttir fulltrúi
Elísabet Dröfn Erlingsdóttir fulltrúi
Halldóra Guðmundsdóttir einkaritari
Ingibjörg Þ. Marteinsdóttir fulltrúi
Kristín Þóra Kristjánsdóttir fulltrúi
Ragnhildur Karlsdóttir aðstoðardeildarstjóri
Þórunn Ragnh. Sigurðardóttir fulltrúi

Lögfræðingur

Áslaug Einarisdóttir* lögfræðingur

* Auðbjörg L. Gústafsdóttir leysti Áslaugu Einarisdóttur af hluta ársins 2004.

Tölvuvæðing

Gunnar G. Kristinsson sérfræðingur
Pálmi Skowronski sérfræðingur

Sérfræðideildir

Tæknideild

Garðar Halldórsson deildarstjóri
Ágúst Ágústsson aðstoðardeildarstjóri

Fræðsludeild

Ása Ásgeirsdóttir* deildarstjóri
Þóra Magnea Magnúsdóttir aðstoðardeildarstjóri
Gerður Garðarsdóttir sérfræðingur

* Tók við af Hönnu Kristínu Stefánsdóttur sem sagði deildarstjórastarfinu lausu frá 1. desember 2004.

Efna- og hollustuháttadeild

Víðir Kristjánsson deildarstjóri
Friðjón M. Viðarsson sérfræðingur
Heimir Haraldsson sérfræðingur
Sigurður Karlsson sérfræðingur

Rannsókn- og heilbrigðisdeild

Kristinn Tómasson deildarstjóri
Berglind Helgadóttir sérfræðingur
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir fagstjóri
Hólmfriður K. Gunnarsdóttir sérfræðingur
Svava Jónsdóttir sérfræðingur
Margrét L. Guðmundsdóttir sérfræðingur

Eftirlitsdeildir

Próunar- og eftirlitsdeild

Þórunn Sveinsdóttir deildarstjóri
Ólafur Hauksson aðstoðardeildarstjóri
Sigfús Jón Sigurðsson fagstjóri
Þórunn Inghildur Einarisdóttir fagstjóri

Vinnuvélaeild

Haukur Sölvason deildarstjóri
Daði Elfar Sveinbjörnsson eftirlitsmaður
Georg Árnason eftirlitsmaður
Hannes Sigurgeirsson eftirlitsmaður
Hildur Guðlaugsdóttir fulltrúi
Ingvi Ágústsson eftirlitsmaður
Ívar Ívarsson eftirlitsmaður
Magnús Guðmundsson eftirlitsmaður
Steinar Helgason eftirlitsmaður
Þórður Kristinn Sigurðsson eftirlitsmaður

Reykjavíkurmæmi

Steinar Harðarson umdæmisstjóri
Bjarni Snæbjörnsson eftirlitsmaður
Björn S. Pálsson eftirlitsmaður
Gróa Hafðís Ágústsdóttir eftirlitsmaður
Guðbrandur Árnason eftirlitsmaður
Gylfi Már Guðjónsson aðstoðarumdæmisstjóri
Hafðís S. Sverrisdóttir eftirlitsmaður
Pétur Böðvarsson eftirlitsmaður

Vesturlandsumdæmi

Guðjón Sólmundarson	umdæmisstjóri
Jón Friðrik Jónsson	eftirlitsmaður
Súsanna Stein Þórsdóttir	fulltrúi

Vestfjarðaumdæmi

Valgeir Rúnar Hauksson	umdæmisstjóri
Guðrún Elísabet Pálsdóttir	fulltrúi

Norðurlandsumdæmi vestra

Stefán P. Stefánsson	umdæmisstjóri
Helga Dóra Lúðvíksdóttir	fulltrúi
Pétur Símon Víglundsson	eftirlitsmaður

Norðurlandsumdæmi eystra

Helgi Haraldsson	umdæmisstjóri
Ey þór Jónsson	eftirlitsmaður
Haukur Þorsteinsson	eftirlitsmaður
Sigrún Jóna Daðadóttir	fulltrúi
Valgeir Páll Guðmundsson	eftirlitsmaður

Austurlandsumdæmi

Þorvaldur P. Hjarðar	aðstoðarumdæmisstjóri
Þjörgvin Rúnar Þorvaldsson	eftirlitsmaður
Bóas Guðmundur Sigurðsson	eftirlitsmaður
Sveinbjörg Ólafsdóttir	fulltrúi

Suðurlandsumdæmi

Gísli R. Sveinsson	umdæmisstjóri
Höskuldur Rafn Kárason	eftirlitsmaður
Sigrún Guðný Arndal	eftirlitsmaður
Þórhallur Steinsson	eftirlitsmaður

Suðurnesjaumdæmi

Grétar Þorleifsson	umdæmisstjóri
Rósa Anna Björgvinsdóttir	fulltrúi
Sveinn Adolfsson	eftirlitsmaður

Fjármál

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá bráðabirgðauppgjör fyrir rekstur Vinnueftirlitsins árið 2004 og samanburð við árið 2003. Vinnueftirlitið fær bókhalds þjónustu hjá Fjársýslu ríkisins en vegna anna hefur Fjársýslan ekki lokið uppgjöri þegar þetta er skrifað (11. maí 2005).

Hluttur Vinnueftirlitsins í tryggingagjaldi fyrir árið 2004 var 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds. Þetta er síðasta árið sem Vinnueftirlitið fær þennan tekjustofn en frá árinu 2005 verður Vinnueftirlitið sett á föst fjárlög. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru m.a. af skráningu og skoðunum vinnuvéla, frá námskeiðum og ýmsum sérhæfðum mælingum.

Rekstrarreikningur 2004 – bráðabirgðauppgjör

	2004	2003
Tekjur:		
Sértekjur	41.641.000	38.334.366
Markaðar tekjur	237.800.000	226.515.264
Aðrar rekstrartekjur	106.491.000	90.135.174
Tekjur samtals	385.932.000	354.984.804
Gjöld:		
Rekstrargjöld	406.522.000	381.994.153
Stofnkostnaður	13.648.000	0
Gjöld samtals	420.170.000	381.994.153
Tekjur umfram gjöld	-34.238.000	-27.009.349
Hagnaður / Tap ársins	-34.238.000	-27.009.349

Stjórnsýsla, þróunarstarf og stefnumótun

Stefna Vinnueftirlitsins

Á árinu var unnið að því að móta stefnu Vinnueftirlitsins. Ætlunarverk stofnunarinnar ásamt leiðarljósum og meginmarkmiðum eru eftirfarandi:

Ætlunarverk

Að stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega framþróun í þjóðfélaginu, og markvissu forvarnastarfi á vinnustöðunum sjálfum.

Leiðarljós

- Komið sé í veg fyrir, eins og kostur er, að fólk verði fyrir slysum í vinnunni eða vegna vinnunnar.
- Komið sé í veg fyrir, eins og kostur er, að fólk verði fyrir heilsutjóni eða finni til vanlíðanar vegna umhverfis þátta á vinnustöðum, sálfélagslegra aðstæðna eða slæms aðbúnaðar.
- Á vinnustöðum sé unnið markvisst vinnuverndarstarf sem stuðli að stöðugum umbótum í vinnuumhverfi og aukinni vellíðan fólks.
- Á vinnustöðum sé tekið tillit til mismunandi starfsgetu fólks, stuðlað að því að fólk haldist á vinnuumarkaði og komi aftur til starfa eftir slys og veikindi.
- Vinnueftirlitið sé miðstöð þekkingar og reynslu á sviði vinnuverndar og miðli henni með skipulegum hætti.
- Vinnueftirlitið byggi starf sitt á vönduðum og samræmdum vinnubrögðum, bestu fánlegu þekkingu og kappkosti að veita góða þjónustu.
- Vinnueftirlitið leiti eftir samstarfi við samtök á vinnuumarkaði, stofnanir, sem vinna að skyldum verkefnum, skóla og fleiri aðila.
- Vinnueftirlitið sé þroskaður vinnustaður með hæfu og ánægðu starfsfólki.
- Rekstur stofnunarinnar verði sem hagkvæmastur og útgjöld innan þess ramma sem fjárheimildir og tekjuöflun leyfa.


Gæðahandbók í fyrirtækjaeftirliti

Þróunar- og gæðaráð í fyrirtækjaeftirliti hefur undanfarin miss-eri unnið að undirbúningi gæðahandbókar fyrir fyrirtækjaeftirlitið. Gæðahandbókin tók formlega gildi þann 1. desember sl.

Í henni er m.a. að finna verklags- og vinnureglur fyrir fyrirtækjaeftirlitið. Gæðahandbókinni er ætlað að tryggja kerfisbundin, samræmd og fagleg vinnubrögð í fyrirtækjaeftirliti.

Vinnuumhverfisvísar

Vinnuumhverfisvísar eru hluti af gæðahandbók fyrirtækjaeftirlitsins og er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við eftirlitið. Varpa þeir ljósi á helstu vandamál sem vænta má í viðkomandi starfsgreinum og lög, reglur og viðmið sem byggt er á. Reynslan hefur þegar sýnt að vinnuumhverfisvísarnir nýtast einnig mörgum fyrirtækjum í eigin vinnuverndarstarfi, t.d. við gerð áhættumat. Á árinu 2004 var unnið áfram að þróun vinnuumhverfisvísa fyrir mismunandi starfsgreinar og er nú að finna vísa fyrir 17 starfsgreinar á heimasiðu Vinnueftirlitsins (sjá www.vinnueftirlit.is, Útgefið efni, Áhættumat). Munu þeir verða 23 fyrir árslok 2005.



Aðlagað eftirlit

Á síðustu misserum hefur Vinnueftirlitið unnið að þróun nýrrar eftirlitsaðferðar, *Aðlagaðs eftirlits*, og er áætlað að aðferðin verði tekin í notkun á komandi hausti. Nýrri aðferð verður í upphafi beitt í fyrirtækjum sem hafa tekið þátt í tilraunaverkefni Vinnueftirlitsins um áhættumat og öðrum fyrirtækjum sem þegar hafa gert áhættumat og áætlun um forvarnir.

Með nýrri aðferð er lögð áhersla á aukna virkni stjórnenda og öryggisnefnda og að fyrirtæki beiti skipulegum vinnubrögðum í vinnuverndarstarfinu. Eftirlitsmenn munu í heimsókn sinni eiga fund með æðstu stjórnendum og öryggisnefnd fyrirtækjanna. Metið verður hversu vel innra starf fyrirtækjanna er skipulagt, m.a. hvort þau hafi gert áhættumat og áætlun um forvarnir, hvort öryggisnefnd sé starfandi og hvort fulltrúar í nefndinni hafi sótt námskeið um vinnuvernd. Munu þessi atriði meðal annars hafa veigamikil áhrif á mat Vinnueftirlitsins varðandi innra starf fyrirtækisins. Að fundi loknum munu eftirlitsmenn skoða vinnuumhverfi starfsmanna. Sjónum verður beint að helstu vandamálunum og áhersla lögð á að þau verði leyst. Mat á innra starfi og vinnuumhverfi leiðir til flokkunar fyrirtækisins. Munu fyrirtæki í flokkum 1 og 2 leggja fram tímasettar framkvæmdaáætlanir ef gera þarf úrbætur en fyrirtæki í flokki 3 fá tímasett fyrirmæli.

Áætlað er að aðferðinni verði beitt í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri í þeim starfsgreinum þar sem fyrir liggja vinnuumhverfisvísar (sjá www.vinnueftirlit.is, Útgefið efni/Áhættumat). Markmið nýrrar eftirlitsaðferðar er m.a. að tryggja kerfisbundið, heildstætt eftirlit í fyrirtækjum og að Vinnueftirlitið beiti kröftum sínum þar sem þess er mest þörf.

Eftirfylgni fyrirmæla Vinnueftirlitsins

Eftirlitsmenn leggja í heimsóknnum sínum aukna áherslu á að hitta yfirstjórnendur sem hafa fullt umboð til að taka á vinnuverndarmálum fyrirtækisins í samvinnu við fulltrúa starfsmanna. Þeir munu beina sjónum markvissar en áður í samræmi við vinnuumhverfisvísa starfsgreina að helstu vandamálunum á viðkomandi vinnustað. Þegar gefin hafa verið fyrirmæli um úrbætur á vinnustað á atvinnurekandi, samkvæmt gildandi verklagi, að jafnaði að senda tilkynningu innan tilskilins tímafrests til Vinnueftirlitsins um að úrbótum sé lokið. Nokkuð hefur á skort að þetta sé gert sem skyldi. Með nýjum vinnureglum verður nú gengið fast eftir því að atvinnurekendur sendi inn tilkynningar um úrbætur og um leið gert ljóst að ef úrbætur gangi ekki eftir muni það leiða til þvingunaraðgerða.

Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað

Ákvæði EB-tilskipunar 89/391 um skyldu fyrirtækja til að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað voru innleidd í vinnuverndarlögin á Alþingi í mars 2003. Á áætlunin að byggja á *áhættumati* varðandi heilsu og öryggi starfsmanna og áhættuþætti í vinnuumhverfinu og *áætlun um forvarnir*. Markmið nýrra lagaákvæða er að tryggja markvissar forvarnir á vinnustaðnum sem stuðla að heilbrigði og öryggi starfsmanna og þannig koma á virku heilbrigðis- og öryggisstarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Í upphafi árs 2004 tók til starfa nefnd á vegum stjórnar Vinnueftirlitsins sem hefur unnið að undirbúningi reglugerðar um hin nýju ákvæði laganna og hillir nú undir lok þeirrar vinnu. Gert er ráð fyrir að ný ákvæði verði hluti af endurskoðaðri reglugerð um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi fyrirtækja.

Framangreindar lagabreytingar voru kynntar á árinu meðal ýmissa hópa, fyrirtækja og á námskeiðum Vinnueftirlitsins sem haldin voru fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði vinnustaða. Einnig voru í gangi tilraunaverkefni á vegum Vinnueftirlitsins um áhættumat og forvarnir í fjórum umdæmum, sjá kafla um *Átaksverkefni*.

Viðurkenning þjónustuaðila og ráðgjafa í vinnuvernd

Vinnueftirlitið hefur, samkvæmt vinnuverndarlögunum, viðurkennt þjónustuaðila og ráðgjafa á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustað.

Viðurkenndir þjónustuaðilar skulu hafa aðgang að sérfræðingum sem hafa fullnægjandi þekkingu á heilbrigðissviði, í félagsvísindum, sálfræði, á tæknisviði eða öðru sambærilegu sérsviði þannig að þeir séu færir um að meta og bregðast við hættum eða hvers konar öðrum óþægindum vegna eðlisfræðilegra, efnafræðilegra, líffræðilegra, vinnuvistfræðilegra og sálfélagsfræðilegra þátta í vinnuumhverfinu.

Á árinu 2004 viðurkenndi Vinnueftirlitið fjögur fyrirtæki með heildstæða viðurkenningu á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum, þar sem innan fyrirtækjanna er sérfræðipekking á helstu sviðum vinnuverndar. Einnig fengu tvö fyrirtæki viðurkenningu á sviði vinnuverndar með áherslu á líkamlega álagþætti á vinnustöðum og tvö fyrirtæki viðurkenningu sem takmarkaðist við sálfélagslega þætti.

Upplýsingar um viðurkennda þjónustuaðila á sviði vinnuverndar er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins – Flýtleiðir - Þjónustuaðilar á sviði vinnuverndar.

http://www.vinnueftirlit.is/page/vinnuv_thjonustuaðilar

Rannsóknastofa í vinnuvernd

Í maí 2004 var undirritaður samstarfssamningur á milli Háskóla Íslands og Vinnueftirlitsins um Rannsóknastofu í vinnuvernd. Rannsóknastofan er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofa sem heyrir annars vegar undir rannsókn- og heilbrigðisdeild Vinnueftirlitsins og hins vegar félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Rann-



Stjórn Rannsóknastofu í vinnuvernd.

Frá vinstri: Herdis Sveinsdóttir, dósent við HÍ, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, Sigurður Thorlacius, dósent við HÍ, Þórólfur Þórlindsson, prófessor við HÍ, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu og formaður stjórnarinnar, og Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

sóknastofunni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði vinnuverndar. Markmið rannsóknastofunnar er jafnframt að miðla vísindalegri þekkingu um vinnuvernd og laða fræðimenn til starfa á þessu sviði.

Nýjar reglur og reglugerðir

Félagsmálaráðherra setur reglur og reglugerðir að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið semur samt sem áður drög að reglum og reglugerðum á grundvelli vinnuverndarlaganna og tilskipana frá Evrópusambandinu um ýmis atriði sem snerta vinnuvernd. Þá er Vinnueftirlitið oft umsagnaraðili um drög að reglum sem heyra undir aðra ráðherra en varða samt sem áður starfsemi Vinnueftirlitsins.

Á árinu tóku eftirfarandi reglur og reglugerðir gildi:

- Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum tók gildi 25. júní 2004. Í kjölfarið féllu úr gildi reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, reglur nr. 698/1995, um blý og blýsölt, og reglur nr. 699/1995, um vinnu með vinyklóríðeinliðu.
- Reglugerð nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum tók gildi 13. apríl 2004.
- Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum tók gildi 2. desember 2004.
- Reglur nr. 384/2005 um vinnu í kældu rými við matvælaframleiðslu tóku gildi 20. apríl 2005.

Unnið var að eftirfarandi reglum og reglugerðum eða breytingum á þeim en vinnu var ekki lokið:

- Reglum nr. 379/1996 um asbest.
- Reglum nr. 602/1999 um öryggisleiðbeiningar vegna efna-notkunar á vinnustöðum.
- Reglur um verndun starfsmanna gegn skaðlegum áhrifum af völdum titrings.
- Reglugerð um öryggis og heilbrigðisstarfsemi fyrirtækja og gerð áhættumats.
- Reglugerð nr. 431/1997 um notkun tækja.
- Reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum.
- Reglugerð nr. 54/1995 um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftibúnaði til fólks og vöruflytninga.

Eftirlitsstarfið

Eftirlitsstarfi Vinnueftirlitsins má skipta í eftirlit með aðbúnaði, hollustu háttum og öryggi í fyrirtækjum og stofnunum, eftirlit í landbúnaði, gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja, markaðseftirlit, umsagnir og leyfisveitingar og er greint frá því starfi og umfangi þess hér á eftir.

Í kaflanum *Átaksverkefni* er greint frá ýmsum átaksverkefnum sem umdæmin hafa tekið þátt í á árinu í samvinnu við sérfræðideildir stofnunarinnar en þar á meðal var *evrópskt eftirlitsátak í byggingaiðnaði* og fræðslu- og upplýsingaátakið *Byggjum á öryggi* í tengslum við Evrópsku vinnuverndarvikuna í október 2004.

starfsgreinum. Dæmi um áhættuþætti sem skoðaðir eru: hávaði, birta, inniloft, mengun á vinnustað, meðferð efna, vinnuaðstæður m.t.t. líkamsbeitingar, félagslegur aðbúnaður, öryggisbúnaður véla og tækja o.fl. Sífellt meiri áhersla er lögð á skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjunum sjálfum og þátttöku æðstu stjórnenda. Fyrirmæli um skipan öryggisráðgjafarmanna og öryggisvarða eru gefin ef slíkir aðilar eru ekki til staðar á vinnustöðum, þar sem starfa 10 eða fleiri, en slíkir aðilar eru lykilaðilar í því vinnuverndarstarfi sem á að fara fram á

Skráð fyrirtæki eftir áhættuflokkum	Skráð 31.12.2000	Skráð 31.12.2001	Skráð 31.12.2002	Skráð 31.12.2003	Skráð 31.12. 2004
1. flokkur, skoðun árlega	2.580	2.553	2.442	2.467	2.537
2. flokkur, skoðun annað hvert ár	2.368	2.433	2.413	2.644	2.923
3. flokkur, skoðun 4. hvert ár	1.766	1.817	1.843	1.874	1.977
4. flokkur, óreglubundin skoðun	6.056	6.220	6.304	5.441	6.692
Samtals	12.770	13.023	13.002	12.426	14.129

Fyrirtækjaeftirlit

Tíðni skoðana í fyrirtækjum ræðst að nokkru leyti af þeirri áhættu sem gert er ráð fyrir að sé til staðar í fyrirtækjunum. Aðrir þættir, svo sem kvartanir starfsmanna, slys og óhöpp, átaksverkefni í atvinnugreinum eða áhættuþættir sem lögð er sérstök áhersla á, hafa einnig áhrif á það hvaða vinnustaðir eru heimsóttir. Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan eru fyrirtæki 14% fleiri í árslok 2004, borið saman við árið á undan, og jókst því umfang eftirlitsverkefna stofnunarinnar sem því nam á árinu. Taflan hér fyrir ofan sýnir flokkun fyrirtækja eftir áhættu: Í eftirlitsferðum er athygli beint að helstu vandamálunum í vinnuumhverfi viðkomandi vinnustaða en þau eru ólík eftir

vinnustaðnum. Meðal annars eiga þeir að taka þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði og fara í reglubundnar eftirlitsferðir um vinnustaðinn. Eftir að ný lagaákvæði um þá skyldu atvinnurekanda að gera áætlun um öryggi og heilbrigði tóku gildi hafa fyrirtæki í vaxandi mæli fengið fyrirmæli um að gera áhættumat og áætlun um forvarnir vegna áhættu þátta í vinnuumhverfi. Með tilkomu reglna um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum á síðasta ári hefur einnig aukin athygli beinst að eftirliti með forvörnum gegn einelti á vinnustöðum. Taflan hér á eftir sýnir umfang hins almenna fyrirtækjaeftirlits.

Fjöldi og flokkun skoðana við fyrirtækjaeftirlit	2000	2001	2002	2003	2004
Reglubundnar skoðanir	1.741	1.659	1.773	1.823	2.137
Takmarkaðar úttektir	1.080	1.010	816	963	942
Reglubundnar endurskoðanir	592	317	344	254	444
Endurskoðanir v. takmarkaðra úttekta	19	18	29	33	35
Fjöldi skoðana samtals	3.432	3.004	2.962	3.073	3.558
Aðrar fyrirtækjaheimsóknir	1.975	1.844	1.691	1.857	1.403
Fyrirtækjaheimsóknir samtals	5.407	4.848	4.653	4.930	4.961

Mælingar og prófanir við eftirlit	635	683	581	447	436
Þar af hávaðamælingar	75	116	83	70	69
Útköll vegna slysa og óhappa	260	235	197	246	206

Heildarfjöldi skoðana og heimsóknna í fyrirtæki árið 2004 er heldur meiri en árið á undan og hefur ekki verið meiri í fjögur ár. Reglubundnum skoðunum hefur fjölgað um 15% miðað við árið 2003 og hafa þær ekki verið fleiri undanfarin fimm ár. Skýringin getur að hluta til falist í því að nú eru skoðanir á byggingavinnustöðum skráðar sem reglubundnar skoðanir en voru áður skráðar sem takmarkaðar úttektir. Í reglubundnum skoðunum er fundað með fulltrúum stjórnenda og starfsmanna og vinnuumhverfi fyrirtækjanna skoðað heildstætt en takmarkaðar úttektir beinast einungis að afmörkuðum atriðum. Endurskoðunum hefur fjölgað verulega eða um 75%, sem getur að hluta til skýrst af öflugri

eftirfylgni skoðana tengdri eftirlitsátaki í byggingariðnaði sem fram fór á árinu 2004. Útköllum vegna vinnuslysa hefur fækkað borið saman við undangengin ár að undanskildu árinu 2002 en Vinnueftirlitið og lögreglan eru einungis kölluð út í alvarlegri slysatilvikum. Mælingum í eftirliti hefur fækkað lítillega.

Taflan hér á eftir gefur yfirlit yfir fyrirmæli og ábendingar flokkuð eftir því hvort þau beinast að aðbúnaði, hollustu- háttum eða öryggi. Þvingunaraðgerðir geta t.d. falist í að banna tiltekinn búnað, innsigla hættulega vél eða aðstöðu eða stöðva starfsemi.

**Fyrirtækjaeftirlit
- Fyrirmæli og ábendingar
- Þvingunaraðgerðir**

	2000	2001	2002	2003	2004
Fyrirmæli um bætt hollustuhætti	1.285	1.416	1.043	984	897
Fyrirmæli um bætt öryggi	2.833	2.560	2.600	3.008	2.960
Fyrirmæli um bættan aðbúnað	663	470	461	574	788
Önnur fyrirmæli	365	434	319	357	328
Fyrirmæli samtals	5.146	4.880	4.423	4.923	4.973
Ábendingar um bætt hollustuhætti	289	316	276	169	159
Ábendingar um bætt öryggi	499	443	413	414	344
Ábendingar um bættan aðbúnað	188	161	155	129	109
Aðrar ábendingar	407	386	324	286	206
Ábendingar samtals	1.383	1.306	1.168	998	818
Fyrirmæli og ábendingar samtals	6.529	6.186	5.591	5.921	5.791
Notkun bönnuð	131	94	96	124	75
Innsiglisáðgerðir	1	1	0	1	0
Kærur	4	3	4	7	2
Ákvörðun dagsekta	0	0	0	0	0
Þvingunaraðgerðir samtals	136	98	100	132	77

Fyrirmælum í fyrirtækjaeftirliti hefur fjölgað lítillega frá árinu 2003. Mest er fjölgunin varðandi fyrirmæli um aðbúnað á vinnustað en þau fyrirmæli geta bæði snúið að starfsmannarýmum og vinnuáðstæðum. Ábendingar eru færri en undangengin ár. Endurspeglar það vinnubrögð Vinnueftirlitsins um að leggja áherslu á helstu vand amálin í eftirlitsferðum en varðandi þau eru alltaf gefin skrifleg fyrirmæli um úrbætur. Á hinn bóginn eru í vaxandi mæli gefnar munnlegar ábendingar, sem ekki eru skráðar.

Þvingunaraðgerðum hefur fækkað verulega sem gefur vísbendingu um að fyrirtæki standi sig betur í vinnuverndarstarfinu.

Eftirlit í landbúnaði

Starfsáætlanir Vinnueftirlitsins miðast við að bændabýli séu skoðuð á 4-5 ára fresti. Fjöldi skoðana á bændabýlum var svipaður og árið 2003 en heldur hefur dregið úr fjölda fyrirmæla og ábendinga sem má að hluta til rekja til endurnýjunar á vélakosti býlanna. Eftirlitsmenn tóku þátt í vinnuverndaráttaki meðal bænda sem fól m.a. í sér að vinnuáðstæður á býlunum voru skoðaðar á samræmdan hátt samkvæmt sérstökum gátlista, sjá nánar kaflann *Rannsóknir*.

Eftirlit á bændabýlum	2000	2001	2002	2003	2004
Skoðuð býli	497	526	428	374	377
Fyrirmæli og ábendingar	1.489	1.585	1.400	1.240	1.056

Bygginga- og mannvirkjagerð

Á árinu 2004 hafa verið í gangi viðamiklar framkvæmdir sem falla undir bygginga- og mannvirkjagerð. Þar er um ýmsar framkvæmdir að ræða og víða um land.

Þar má fyrst telja framkvæmdir á Kárahnjúkasvæðinu, þar sem unnið er t.d. að stíflugerð, jarðgangagerð, byggingu stöðvarhúss í Fljótsdal ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem tengjast byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Allar þessar framkvæmdir krefjast gríðarlegs búnaðar, sérstaklega vélbúnaðar, sem starfsmenn Vinnueftirlitsins hafa skoðað ásamt því að vera með reglulegt eftirlitsstarf á öllu svæðinu.

Á árinu var byrjað á hönnun og undirbúningi fyrir byggingu Fjarðaáls sem rísa mun við Reyðarfjörð. Það verkefni mun ná hámarki á næstu tveimur árum.

Á Austurlandi er jafnframt unnið að gerð tvennra vegganga. Annars vegar er um að ræða göng undir Almanna-skarð við Hornafjörð og hins vegar gerð vegganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Á Nesjavöllum var unnið að stækkun Nesjavallavirkjunar. Þá hófust framkvæmdir við nýja virkjun á Helligheiði, svonefnda Helligheiðavirkjun.

Undirbúningur og framkvæmdir við stækkun Norðuráls á Grundartanga hófust einnig á árinu og er jafnvel gert ráð fyrir frekari stækkun þar.

Þá er ógetið um nýja virkjun á Reykjanesi sem Hitaveita Suðurnesja er að byggja. Sú virkjun nefnist Reykjanesvirkjun.

Vinnueftirlitið hefur komið að öllum þessum framkvæmdum með eftirliti, sérfræðiráðgjöf og fræðslu. Þar hefur verið um að ræða bein samskipti við verkkaupa, hönnuði, aðalverktaka, fjölmarga undirverktaka, trúnaðarmenn, samræmingaraðila, starfsmenn o.fl.

Þá er þess að geta að á árinu hafa almenn umsvif í bygginga- og mannvirkjagerð sjaldan eða aldrei verið jafn mikil. Það á einkum við á höfuðborgarsvæðinu en þau umsvif eru þó alls ekki einskorðuð við þann landshluta.

Gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja

Eftirfarandi tafla sýnir vinnuvélar og tæki sem skráð eru hjá Vinnueftirlitinu. Þessum tækjum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár en nýskráningar á árinu 2004 voru 1560.

Skráðar vinnuvélar og tæki	2000	2001	2002	2003	2004
Vinnuvélar (66 flokkar mismunandi véla)	11.698	12.261	12.791	13.588	14.159
Skíðalyftur (3 flokkar)	79	75	74	74	66
Fólks- og vörulyftur (5 flokkar)	1.663	1.787	1.875	1.942	2.025
Bílalyftur	981	1.020	1.064	1.081	1.133
Eimkatlar og þrýstihylki	350	490	552	577	608
Samtals skráðar vinnuvélar og tæki í árslok	14.771	15.633	16.356	17.262	17.991
Nýskráningar á árinu	1.403	1.386	1.093	1.384	1.560
Endanlegar afskráningar á árinu	587	546	433	476	859
Tímabundnar afskráningar á árinu	299	267	337	343	448
Skráð eigendaskipti á árinu	2.501	2.285	2.075	3.119	3.016

Skoðunum vinnuvéla og tækja fjölgar einnig eins og hinum skráðu, sbr. næsta tafla.

Skoðanir vinnuvéla og tækja*	2000	2001	2002	2003	2004
Reglubundnar skoðanir	10.544	11.268	11.802	12.386	13.326
Endurskoðanir	735	709	530	405	534
Aðrar skoðanir	1.282	1.485	1.550	1.546	2.174
Samtals	12.561	13.462	13.882	14.337	16.034
Niðurstöður skoðana:					
Full skoðun – án athugasemda	9.124	10.202	10.915	11.417	12.257
Hálf skoðun	2.296	2.243	1.925	1.851	2.173
Notkun bönnuð	1.135	1.006	1.017	1.061	1.588
Innsiglað	6	11	26	8	16
Samtals	12.561	13.462	13.882	14.337	16.034
Formleg fyrirmæli um úrbætur	8.065	9.043	9.324	9.802	10.775

* Þ.e. lyftur, þrýstihylki og eimkatlar

Skráðar vinnuvélar voru 14.159 talsins en hins vegar eru skoðunarskyldar vinnuvélar 12.233. Reglubundnar skoðanir voru 10.048 og skoðunarhlutfallið var því rúmlega 82%, sjá nánar næstu töflu:

Vinnuvélar	Skráð 31.12. 2004	Reglubundnar skoðanir 2004	Skoðunarhlutfall 2004
Vinnuvélar til skoðunar	12.233	10.048	82,13
þar af höfuðborgarsvæðið	5.487	4.584	83,5
Tæki:			
Fólks/vöru/hjólast.lyftur*	2.025	1.763	87,06
Bílalyftur*	1.133	549	48,46
Eimkatlar, þrýstihylki, geymar	608	349	57,40
Samtals	3.766	2.661	70,7

*Vöru- og bílalyftur eru skoðaðar annað hvert ár.

Markaðseftirlit

Með breytingu á vinnuverndarlögunum 2003 er sérstakt ákvæði um að Vinnueftirlitið skuli annast markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir lögin. Sérstakur starfsmaður hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis. Starfið fer fram annarsvegar í eftirliti á markaðnum og hinsvegar með upplýsingagjöf. Ennfremur fer eftirlitið fram í hefðbundnu fyrirtækjaeftirliti. Á árinu 2004 voru farnar 286 eftirlitsferðir í verslanir, heildverslanir, iðnfyrirtæki o.fl. Við eftirlit á árinu var lagt bann við sölu og notkun á ýmsum tækjum og búnaði sem ekki uppfyllti gildandi reglur m.a. varðandi CE-merkingar vöru, EB-samræmisyfirlýsingu o.fl. Ennfremur voru gerðar kröfur um úrbætur þar sem á það skorti að leiðbeiningar á íslensku fylgdu tækjum og búnaði og öryggisleiðbeiningar fylgdu hættulegum efnum eða að öðrum merkingum var áfátt.

Umsagnir og leyfisveitingar

Fjöldi umsagna og leyfisveitinga á síðustu árum má sjá í eftirfarandi töflu.

Umsagnir og leyfisveitingar	2000	2001	2002	2003	2004
Umsagnir og starfsleyfi vegna nýrra og breyttra vinnustaða	195	201	136	147	164
Umsagnir vegna gisti- og veitingaleyfa	426	433	472	559	536
Samtals vegna nýrra og breyttra fyrirtækja	621	634	608	706	700
Umsagnir vegna innflutnings eiturefna við garðyrkju	46	42	47	42	38
Aðrar umsagnir og leyfi vegna innflutnings annarra efna	43	23	35	32	23
Umsagnir til sýslumanna vegna sprengileyfa til einstaklinga	9	33	13	40	36
Samtals vegnaefnanotkunar	98	98	95	114	97

Auk þess sem greinir í töflunni var fjöldi teikninga af atvinnuhúsnæði afgreiddur í samstarfi við byggingafulltrúann í Reykjavík. Margar fyrirspurnir berast íðulega til Vinnueftirlitsins um hönnun atvinnuhúsnæðis og aðrar reglur um byggingatæknileg mál.

Sérhæfðar mælingar

Starfsmenn Vinnueftirlitsins taka árlega að sér að mæla inniloft, mengun og hávaða. Í töflunni hér á eftir má sjá umfang þessara mælinga með samanburði við síðustu ár. Eins og sjá má í töflunni er algengast að beðið sé um mælingar á hávaða. Sérhæfðum mælingum hefur fjölgað nokkuð frá árinu 2003.

Sérhæfðar mælingar og úttektir	2000	2001	2002	2003	2004
Inniloftsmælingar	5	5	2	5	5
Aðrar mælingar á mengun í starfsumhverfi	5	6	4	0	2
Hávaðaúttektir	19	15	29	25	35
Mælingar og úttektir alls	29	26	35	30	42

Átaksverkefni

Evrópskt eftirlitsátak í byggingariðnaði 2004

Vinnueftirlitsstofnanir í Evrópusambandinu, á Íslandi og í fleiri löndum stóðu fyrir átaki á byggingavinnustöðum árin 2003 og 2004. Í því felst sameiginlegt kynningar- og eftirlitsátak, sem miðar m.a. að því að koma í veg fyrir fallhættu. Alls tóku 17 þjóðir þátt í átakinu, þ.e.a.s. öll 15 aðildarríki Evrópusambandsins auk Íslands og Noregs sem eru aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Átakið var gert samtímis í öllum löndunum, en það beinist m.a. að því að fækka fallslysum í greininni. Á árinu 2004 fór átakið fram frá 17. maí – 17. júní.

Gefinn var út sérstakur kynningarbæklingur um átakið og hann afhentur á byggingavinnustöðum þegar starfsmenn Vinnueftirlitsins heimsóttu vinnustaðina í átakinu. Í bæklingnum kemur m.a. fram að um 40% slysa í byggingageiranum orsakast af falli. Þau eiga sér stað á byggingarsvæðum – ekki einungis á vinnustaðnum heldur einnig á umferðarleiðum inni á byggingarsvæðunum.

Í átakinu í júní voru heimsóttir 103 byggingavinnustaðir og skoðað var sérstaklega hvernig staðið var að fallvörnum, t.d. á vinnupöllum, þökum, umhverfis göt í gólfum og alls staðar þar sem hættu er á falli. Í því sambandi var metið hvernig verktakar stæðu að vali, notkun og viðhaldi tækja og búnaðar.

Einnig var sérstaklega skoðað hvernig verkkaupar og verktakar stæðu sig í að uppfylla kröfur sem fram koma í reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingavinnustöðum. Í því sambandi voru eftirfarandi atriði skoðuð:

- Hafði samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála verið skipaður?
- Hafði verið gerð öryggis- og heilbrigðisáætlun?
- Hafði byggingaframkvæmdin verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins?

Þá voru einnig skoðuð eftirfarandi atriði:

- Umferð á byggingarsvæðum.
- Réttindi tækjamaða.
- Lyftitæki og búnaður sem notaður er til hífinga.



Helstu niðurstöður átaksins í maí-júní 2004 voru eftirfarandi:

- Heimsóttir voru 103 byggingavinnustaðir.
- Starfsmannafjöldi á þessum byggingavinnustöðum var alls 1763.
- Fjöldi verktaka og undirverktaka var alls 384.
- Gerðar voru kröfur um úrbætur á 62 af þessum 103 byggingavinnustöðum eða 60% vinnustaðanna.
- Samræmingaraðili hafði verið skipaður á 77% vinnustaða þar sem reglur krefjast þess að slíkur aðili sé skipaður.
- Öryggis- og heilbrigðisáætlun var fyrir hendi á 63% vinnustaða þar sem reglur krefjast þess að slík áætlun sé gerð.
- Vinnueftirlitinu hafði verið tilkynnt um 64% þeirra byggingavinnustaða sem ber að tilkynna um áður en framkvæmdir hefjast.
- Vinna var bönnuð á 5 stöðum.

Upplýsingar um átakið og niðurstöður þess voru kynntar á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Auk þess voru sendar út fréttatilkygningar og greinar birtust um átakið.

Evrópska vinnuverndarvikan 2004 – Byggjum á öryggi

Þrjú starfsmenn Vinnueftirlitsins voru skipaðir í verkefnahóp snemma á árinu og var verkefni þeirra að sjá um framkvæmd Evrópsku vinnuverndarvikunnar hér á landi. Þetta voru Sigfús Sigurðsson úr þróunar- og eftirlitsdeild, sem var skipaður verkefnisstjóri, Kristinn Tómasson úr rannsókn- og heilbrigðisdeild og Þóra Magnea Magnúsdóttir úr fræðsludeild. Þar að auki komu fleiri starfsmenn Vinnueftirlitsins að málum með beinum eða óbeinum hætti.

Að þessu sinni beindist kastljós Evrópsku vinnuverndarvikunnar að *byggingastarfsemi*. Er þetta í fyrsta skipti sem vinnuverndarvikan er tileinkuð sérstakri atvinnugrein. Í hin fjögur skiptin, sem vinnuverndarvikan hefur verið haldin, hefur hún beinst að sérstökum vinnuverndarþáttum eins og bakverk, vinnuslysum, streitu – og á síðasta ári hættulegum efnum. Það er Evrópska vinnuverndarstofnunin í Bilbao sem stendur árlega fyrir Evrópsku vinnuverndarvikunni. Árið 2004 var um að ræða sameiginlegt átak 32 Evrópuþjóða sem fram fór vikuna 18.-22. október. Markmiðið með vinnuverndarvikunni var að vekja athygli manna á ákveðnum þáttum í vinnuumhverfinu í þeim tilgangi að gera vinnustaðina heilsusamlegri og öruggari.

Opnun vinnuverndarvikunnar 30. apríl

Undirbúningur vinnuverndarvikunnar hófst 30. apríl með formlegri setningu hennar í Dublin á Írlandi. Allar þátttökupjóðirnar hófu þennan dag undirbúning vinnuverndarvikunnar hver í sínu landi. Af þessu tilefni eru fyrirtæki í byggingariðnaði hvött til að beina sjónum sérstaklega að því að bæta öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum. Þennan dag sendi Vinnueftirlitið út fréttatilkynningu til fjölmiðla og opnaði sérstakan fréttadálk á heimasíðu sinni um Evrópsku vinnuverndarvikuna.

Veggspjald

Vinnueftirlitið gaf út veggspjald í tilefni vinnuverndarvikunnar með yfirskriftinni *Byggjum á öryggi*. Á veggspjaldinu er listi yfir 10 áhættuþætti sem eiga við á byggingavinnustöðum. Í vinnuverndarvikunni heimsóttu eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins, og samstarfsaðilar um vinnuverndarvikuna, byggingavinnustaði og afhentu veggspjaldið um leið og vakin var athygli á málefnum.

Samstarfsaðilar

Vinnuverndarstofnunin í Bilbao óskaði eftir því við framkvæmdaraðila í hverju þátttökulandi að þeir hefðu samstarf við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmdina. Vinnueftirlitið bauð nokkrum félögum og samtökum að vera samstarfsaðilar Vinnueftirlitsins um framkvæmdina. Þessir aðilar voru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, Efling stéttarfélag, Starfsgreinasamband Íslands og Rafiðnaðarsamband Íslands. Samstarfsaðilarnir unnu með Vinnueftirlitinu að því að undirbúa vinnuverndarvikuna hér á landi.

Morgunverðarfundur 18. október

Vinnueftirlitið og samstarfsaðilar þess stóðu fyrir morgunverðarfundum um málefni Evrópsku vinnuverndarvikunnar þann 18. október á Grand Hótelu. Fundurinn var vel sóttur og mættu u.þ.b. 100 manns á fundinn. Árni Magnússon félagsmálaráðherra ávarpaði fundinn og setti formlega vinnuverndarvikuna. Að því loknu voru flutt þrjú erindi sem fjölluðu m.a. um mikilvægi innra starfs á byggingavinnustöðum. Í erindum fundarins var fjallað um evrópskt byggingaráttak, gæðastarf í byggingariðnaði, öryggis- og heilbrigðisáætlanir fyrir

byggingavinnustaði og TR- mælinn, sem er ætlaður til notkunar á byggingavinnustöðum til að bæta öryggi starfsmanna. Í erindunum kom m.a. fram að u.þ.b. 1300 dauðaslys verða við bygginga- og mannvirkjagerð hjá aðildarríkjum Evrópu-sambandsins á ári hverju og 800.000 starfsmenn slasast við byggingavinnu. Meira en 40% allra slysa eru fallslys. Byggingariðnaður er með meira en tvisvar sinnum hærri slysatíðni en meðaltal annarra greina. Heildarkostnaður vegna vinnuslysa í ESB er talinn vera á milli 2,6 til 2,8% af vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna.

Viðurkenning til fyrirtækja

Á morgunverðarfundinum afhenti Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, þremur fyrirtækjum viðurkenningu fyrir gott starf að öryggismálum. Fyrirtækin sem fengu viðurkenningu eru:

- Ístak fékk viðurkenningu fyrir gott innra eftirlitsstarf við byggingu Vörumiðstöðvar Samskipa í Reykjavík.
- Hannes Jónsson ehf. fékk viðurkenningu fyrir góða framsetningu á öryggis- og heilbrigðisáætlun við stækkun rafstöðvarbyggingar á Nesjavöllum.
- Keflavíkurverktakar fengu viðurkenningu fyrir gott öryggisstarf á sínum bygginga-vinnustöðum.



Frá afhendingu viðurkenninga í Evrópsku vinnuverndarvikunni. Frá vinstri: Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, Hannes Jónsson frá fyrirtækinu Hannesi Jónssyni ehf., Kári Arngrímsson frá Keflavíkurverktökum og Guðmundur Þórðarson frá Ístaki.

Heimsóknir á byggingavinnustaði í vinnuverndarvikunni

Í vinnuverndarvikunni var Vinnueftirlitið með sérstakt átak í að heimsækja byggingavinnustaði um allt land. Eftirlitsmenn heimsóttu u.þ.b. 230 byggingavinnustaði og festu upp veggspjald sem gefið var út í tilefni vinnuverndarvikunnar og ræddu við stjórnendur og starfsmenn um markmið vinnuverndarvikunnar. Verkalýðsfélögin sem voru samstarfsaðilar Vinnueftirlitsins um framkvæmd vikunnar ásamt Samtökum iðnaðarins tóku einnig þátt í dreifingu á veggspjaldinu. Þá var veggspjaldinu dreift til ýmissa annarra aðila sem tengjast bygginga- og mannvirkjagerð.

Í tilefni vinnuverndarvikunnar var haldinn fundur á Akureyri þar sem mættu um 50 manns og Félag byggingamanna í Eyjafirði veitti fyrirtækinu P. Alfredsson ehf. viðurkenningu fyrir góða frammistöðu varðandi aðbúnað og öryggismál. Einnig hélt Vinnuvistfræðifélag Íslands fund í húsnaði Ístaks, Engiateigi 7 í Reykjavík. Á þeim fundi sagði fulltrúi Ístaks frá hvernig fyrirtækið hefði unnið að öryggismálum starfsmanna undanfarin ár. Einnig sagði fulltrúi Hannesar Jónssonar ehf. frá gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar hjá fyrirtækinu en þessi fyrirtæki höfðu hlotið viðurkenningu í vinnuverndarvikunni ásamt Keflavíkurverktökum.

Tilraunaverkefni um áhættumat og forvarnir

Á árinu var haldið áfram með tilraunaverkefni um áhættumat og forvarnir sem hófst árið 2003 en það fól í sér að kynna ný lagaákvæði fyrir atvinnulífnum og fá áhugasöm fyrirtæki í öllum landshlutum til að gera áhættumat í því skyni að fyrirtæki og starfsmenn Vinnueftirlitsins öðlist reynslu á þessu sviði. Hafa fyrirtækin fengið leiðbeiningar, ráðgjöf og kynningu á aðferðum við áhættumat og gerð áætlunar um forvarnir en fyrirtækin vinna sjálf verkið. Er verkefninu nú lokið á Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Suðurnesjum og í Reykjavík. Seinni hluta árs hófst undirbúningur nýrra tilraunaverkefna á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum. Stefnt er að því að ljúka tilraunaverkefninu haustið 2005. Er það mat Vinnueftirlitsins að verðmæt reynsla og þekking hafi skapast með þessum verkefnum.

BB-tilraunaverkefnið: Betri líðan – Bættur hagur

Samiðn, Samtök iðnaðarins og Vinnueftirlitið hófu samstarf á árinu 2003 sem ætlað er að stuðla að bættri frammistöðu í vinnuverndarmálum í byggingar- og málmíðnaði. Vinnueftirlitið fékk leyfi hjá finnskum aðilum til að þýða, staðfæra og nýta tvö verkfæri, TR-mæli og Elmeri, sem vitað var að hefðu gefið góða raun í vinnuverndarstarfi í Finnlandi. Í byrjun árs stóðu samstarfsaðilar fyrir tveggja daga námskeiði með finnskum höfundum kerfanna fyrir verðandi íslenska TR- og Elmeri-leiðbeinendur. Í febrúar og mars voru síðan haldin námskeið fyrir sex fyrirtæki sem þátt tóku í tilraunaverkefninu sem lauk formlega í árslok. Reyndist þetta umfangsmikið verkefni en skemmtilegt og samstarf við aðila vinnuarkaðarins var mjög ánægjulegt.

Varðandi niðurstöður verkefnisins má segja að reynslan af notkun TR-mælisins og Elmeri hafi almennt verið góð. Aðferðirnar eru einfaldar í notkun, taka ekki mikinn tíma og hafa haft jákvæð áhrif á öryggishegðun og viðhorf starfsmanna gagnvart vinnuvernd. Mun tíminn leiða í ljós hvort innleiðing þeirra leiðir til færri vinnuslysa og fjarvista eins og reyndin hefur orðið í Finnlandi. Í þeim fyrirtækjum þar sem undirbúningur var góður, áhugi og vilji eru fyrir hendi, og gert er ráð fyrir tíma til að sinna mælingum, hafa aðferðirnar virkað vel. Glögglega kom fram að stuðningur og eftirfylgni stjórnenda við mælingar skipta sköpum. Segja má að lykkillinn að jákvæðum árangri sé að stjórnendur taki ábyrgð og veiti sýnilegan stuðning við innleiðingu hinna nýju aðferða í vinnuverndarstarfinu í samvinnu við starfsmenn fyrirtækisins þannig að allir keppi að sama marki. Nú þegar tilraunaverkefninu er lokið er ætlunin að kynna það fyrir öðrum fyrirtækjum. Áhugasömum aðilum er bent á að snúa sér til Samtaka iðnaðarins og Samiðnar til að fá nánari upplýsingar um þessar nýju aðferðir.

Vinnuslys og atvinnusjúkdómar

Rafrænt eyðublað til að tilkynna vinnuslys

Nýtt tilkynningablað fyrir vinnuslys komst í gagnid á miðju ári 2003. Á árinu 2004 var notast við rafrænt tilkynningablað að hluta en ýmsir gallar höfðu komið fram við notkun þess og var ákveðið að endurhanna blaðið samhliða endurgerð slysgagnagrunns Vinnueftirlitsins. Þetta hefur valdið töfum á frágangi vinnuslysaskrárinnar.

Slys, sem ber að tilkynna, eru öll alvarleg slys auk slysa sem valda fjarvist sem nemur a.m.k. einum degi til viðbótar við slysdaginn. Því miður verður að gera ráð fyrir að enn sé töluvert um að slys séu ekki tilkynnt. Við breytingu á vinnuverndarlöggjöfinni vorið 2003 var fyrirtækjum gert skylt að halda óhappa- og slysskrá yfir öll óhöpp og slys sem verða í viðkomandi fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að þessi skráning nýtist vel í hinu nauðsynlega forvarnastarfi og við gerð áhættumats. Miklar vonir eru bundnar við að skráning vinnuslysa batni mjög við þetta.

Tilkynnt vinnuslys

Með tilkynnt vinnuslys er hér átt við slys á fólki í vinnu, slys á fólki á leið úr og í vinnu og slys á borgurum sem slasast í tengslum við eftirlitskylda starfsemi Vinnueftirlitsins, t.d. í skíðalyftum, rennistigum (rúllustigum) o.þ.h., svo og slys á gestkomandi fólki á vinnustöðum. Alls hafa verið tilkynnt 1.657 vinnuslys í slysskrána fyrir árið 2004 þegar þetta er skrifað, þ.e. 28. apríl 2005, 66 slys undir liðnum *Á leið úr og í vinnu* og 6 slys á borgurum.

Slysatilkynningar berast oft löngu eftir að slys verða. Því eru upplýsingar um fjölda vinnuslysa árin 2000-2003 í töflunni í einhverjum tilvikum hærri en greint var frá í fyrri ársskýrslum. Einnig má búast við að skráð vinnuslys á árinu 2004 muni verða fleiri en hér er tilgreint. Rafræna skráningin mun vonandi draga úr þessari töf en einnig mun Slysskrá Íslands, þegar hún verður orðin mikilvirkari, tryggja enn betri yfirsýn yfir vinnuslys í landinu.

Fjöldi slasaðra í tilkynntum slysum

	2000	2001	2002	2003	2004
Vinnuslys	1.343	1.361	1.328	1.334	1.657
Á leið úr og í vinnu	81	26	46	40	66
Slys á borgurum	21	20	14	6	6
Óvíst	0	3	2	0	0
Samtals	1.445	1.410	1.389	1.379	1.734
Þar af látnir í vinnuslysum	4	3	0	4	2

Taflan sýnir að ekki urðu umtalsverðar breytingar á fjölda vinnuslysa á árunum 2000-2003. Hins vegar verður breyting á árinu 2004 þegar vinnuslysum fjölgar mjög. Samkvæmt töflunni hefur slysum á borgurum fækkað nokkuð og vonandi mun sú þróun halda áfram.

Því miður urðu tvö dauðslys á árinu. Greint er frá þeim síðar í þessum kafla.

Fjöldi slysa eftir umdæmum hefur breyst töluvert á sl. árum. Tekið skal fram að í töflunni hér á eftir eru einungis talin bein vinnuslys (sbr. efsta línan í töflunni hér fyrir ofan) en hvorki talin með slys á fólki á leið í og úr vinnu né slys á borgurum.



Ekki enda öll óhöpp með slysi. Enginn var í bílnum þegar kraninn féll.

Vinnuslys flokkuð eftir umdæmum

	2001	2002	2003	2004
Höfuðborgarumdæmi	731	755	775	703
Vesturland	58	58	56	54
Vestfirðir	35	39	29	39
Norðurland vestra	52	50	41	34
Norðurland eystra	135	134	101	104
Austurland	72	40	126	524
Suðurland	139	121	106	103
Suðurnes	143	136	141	96
Óvíst	0	0	0	0
Samtals	1.366	1.332	1.375	1.657

Þegar taflan er skoðuð ber að hafa í huga að enn á eftir að klára skráningu vinnuslysa fyrir árið 2004 en það eru fyrst og fremst vinnuslys sem átt hafa sér stað í höfuðborgarumdæmi.

Hin mikla fjölgun vinnuslysa á Austurlandi er öll tengd mannvirkjagerð. Byggingastarfsemi er í eðli sínu hættuleg. Erfiðar kringumstæður, með síbreytilegu veðurfari, á öræfum og í fjalllendi gera starfsemina enn erfiðari og hættulegri. Þessu til viðbótar eru fyrstu mánuðir nýs starfsmanns að öllu jöfnu hættulegri en þegar starfsmaðurinn hefur öðlast reynslu. Mikil starfsmannavelta er þannig líka til þess fallin að auka á hættuna. Allir þessir þættir skýra án efa stóran hlut þessa mikla fjölda vinnuslysa. Hins vegar verður að hafa í huga að markvisst slysarannsóknarferli, ásamt heilsuverndarstarfsemi á vinnustaðnum, hefur leitt til þess að tilkynningar um vinnuslys berast betur en áður. Slys, þar sem vafi leikur á um tilkynningarskyldu, hafa einnig verið tilkynnt. Sem dæmi má nefna að um 6% þessara slysa í mannvirkjagerð á Austurlandi á síðasta ári voru beinbrot en skv. vinnuslysaskrá Vinnueftirlitsins á umliðnum árum hafa beinbrot verið um 25% tilkynnta vinnuslysa í bygginga- og mannvirkjagerð. Líklegasta skýringin á þessu er bætt tilkynningarferli.

Um leið og þetta er skrifað verður einnig að hafa í huga að undanfarin ár hefur Vinnueftirlitið beitt sérstaklega í vinnuverndarstarfi í byggingariðnaði, samhliða því að stjórnendur byggingafyrirtækja hafa gefið öryggismálum æ meiri gaum. Hluti af slíku ferli er bætt slysskráning. Án efa er góð slysa- og óhappaskráning á vinnustað besta rannsóknartækið


til þess að fyrirbyggja frekari slys eða óhöpp. Tilkynningar til vinnueftirlitsins þjóna þeim tilgangi að hægt sé að samræma þekkingu á slysavörnum í hinum mismunandi starfsgreinum. Þannig er skilmerkileg tilkynning vinnuslysa, eins og í mannvirkjagerð á Austurlandi er dæmi um, hluti af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja á því að fækka vinnuslysum í viðkomandi starfsgrein. Er vonandi að öll fyrirtæki fylgi þessari hugsjón.

Slyssaskrá Íslands

Slyssaskrá Íslands hefur verið virk á árinu en hún er hýst hjá Landlækni. Í hana eru nú skráð meira en þrefalt fleiri vinnuslys eða alls 4983 slys fyrir 2004, eða þrefalt til fjórfalt fleiri slys en skráð eru hjá Vinnueftirlitinu. Stafar munurinn sennilega af tveimur meginástæðum, þ.e. að tilkynningaskyldu um vinnuslys er ekki sinnt sem skyldi og að vinnuslysin sem eru í Slyssaskrá Íslands eru ekki nema að hluta til það alvarleg að þau séu tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Bent skal á að tilkynna skal til Vinnueftirlitsins öll slys sem valda fjarveru einn dag auk slysdagsins.

Rétt er að vekja athygli sérstaklega á að fjöldi vinnuslysa eftir mánuðum er breytilegur en langflest þeirra eru í júlí en mun færri í júní og ágúst. Tengist þetta án efa miklum fjölda afleysingafólks samhliða verulegum umsvifum sem hættulegum störfum fylgja, s.s. í bygginga- og mannvirkjagerð.

Vinnuslys eftir mánuðum skv. Slyssaskrá Íslands 2004



Fjöldi slasaðra eftir atvinnugreinum

Taflan hér á eftir sýnir fjölda vinnuslysatilkynninga í hinum ýmsu atvinnugreinum samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja þegar þetta er skrifað (28. apríl 2005). Atvinnugreinunum er raðað í stafrófsröð í töflunni. Tölurnar fyrir fyrri ár í töflunni eru breyttar frá síðustu ársskýrslu í sumum tilvikum vegna þess að tilkynningar um vinnuslys berast oft löngu eftir að slysin verða. Því er ljóst að tilkynntum vinnuslysum á árinu 2004 á líklega eftir að fjölga.

Atvinnugreinar

	2000	2001	2002	2003	2004
Ál- og járnblendiiðnaður	25	23	24	15	9
Bílgreinar	13	19	17	13	12
Bygging og viðgerð mannvirkja	218	204	166	230	634
Efnaiðnaður	18	22	27	23	30
Fasteignarekstur og þjónusta við atvinnurekstur	8	2	19	11	8
Fiskiðnaður: hraðfrystihús, fiskvinnslustöðvar	90	143	94	105	104
Fiskiðnaður: síldarsöltun, fiskimjölsverksmiðjur	17	10	13	8	8
Fiskveiðar	7	12	20	15	6
Fjaraskipta- og pósthjónusta	90	84	100	90	78
Flutningastarfsemi o.fl.	106	101	88	101	89
Framkvæmdir opinberra aðila ¹⁾	9	17	18	26	33
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	12	10	26	19	19
Götu- og sorphreinsun	10	9	8	6	8
Heildverslun	53	56	58	67	60
Landbúnaður	43	60	44	27	14
Matvælaiðnaður, vinnsla landbúnaðarafurða	71	92	106	115	102
Matvælaiðnaður, önnur en vinnsla landbúnaðarafurða	16	13	24	20	20
Málmsmíði, vélavinnsla, skipasmíði og skipaviðgerðir	123	103	96	113	104
Menningarstarfsemi	19	15	12	14	12
Opinber stjórnarsýsla ²⁾	120	119	111	91	73
Opinber þjónusta o.fl. ³⁾	145	121	133	112	132
Óviss starfsemi	3	2	2	3	2
Pappírsvöruiðnaður	13	8	10	10	11
Peningastofnanir	0	1	1	0	2
Persónuleg þjónusta önnur en bílaþjónusta	20	13	29	31	27
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	47	34	39	38	36
Smásöluverslun	38	21	19	26	25
Steinefnaiðnaður	25	22	26	32	26
Trjávöruiðnaður	20	26	15	15	14
Tryggingar	3	1	3	0	1
Varnarliðið og íslenskt starfslíð erlendra sendiráða	23	18	14	20	11
Vefjariðnaður	26	9	8	7	6
Veitinga- og hótélrekstur	8	20	19	13	15
Ýmis iðnaður og viðgerðir	6	4	4	5	3
Samtals	1.445	1.414	1.394	1.422	1.734

1) Þ.e. veg- og brúargerð, hafna- og vitaframkvæmdir, raforkuvera- og raforkuframkvæmdir, símaframkvæmdir, vélasjóðir sveitarfélaganna, önnur byggingastarfsemi opinberra aðila og unglíngavinnsla sveitarfélaganna.

2) Þ.e. störf við forsetaembættið, alþingi, ríkisstjórn og stjórnarráð, hæstarétt, utanríkisþjónustuna, stjórnarsýslu ríkisins (þ.m.t. sýslumannsembætti og lögreglu) og stjórnarsýslu sveitarfélaga.

3) Þ.e. skólar á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi, heilbrigðisþjónusta og dvalar- og elliheimili og íbúðir aldraðra

Í töflunni hér að framan sést að slysum fjölgaði allmjög á árinu 2004 og skýrist það einkum af fjölgun slysa í bygginga- iðnaði en í þeirri atvinnugrein eru langflest vinnuslys. Svo hefur verið mörg undanfarin ár en tölurnar fyrir árin á undan sýna að árið 2004 sker sig úr vegna hinnar miklu slysatíðni í greininni. Skýringarnar eru að mestu leyti að finna í hinum viðamiklu framkvæmdum á Austurlandi, sjá umfjöllun um töfluna *Vinnuslys flokkuð eftir umdæmum* framfar í þessum kafla.

Dauðaslys á árinu 2004


Þann 15. mars lést 25 ára starfsmaður byggingaverktaka við virkjunarframkvæmdir er hann, við vinnu sína, varð fyrir steini sem féll fram af brún bergveggs.

Þann 3. ágúst 2004 lést 36 ára starfsmaður verktakafyrirtækis er hann, sem ökuumaður efnisflutningabifreiðar, ók bifreið aftur á bak við losun efnis og bifreiðin lenti út af vegkanti. Stökk starfsmaðurinn þá út úr bifreiðinni og varð undir vinstra framhjólum hennar.

Dauðaslys frá árinu 1961

Taflan hér á eftir sýnir meðalfjölda dauðaslysa á ári hverju á fimm ára tímabilum allt frá 1961. Eins og fram kemur hefur dauðaslysum farið fækkandi og hafa þau aldrei verið færri en á síðasta tímabilinu. Slysið við sjómennsku og flugslysi eru ekki meðtalin, né heldur dauðaslys á starfsmönnum í almennri umferð á vegum og götum.

Dauðaslys við vinnu Meðalfjöldi á ári á 5 ára tímabilum



Þegar taflan um dauðaslys við vinnu er skoðuð þarf einnig að hafa í huga að fjöldi ársverka og mannafla í vinnu hefur aukist mjög. Þannig er fjöldi ársverka árið 1963 skv. vef Hagstofunnar 67.315 sem síðan árið 1997 er kominn í 128.832 ársverk með samtals 142.200 starfandi í landinu. Á árinu 2004 er fjöldi starfandi í landinu orðinn 156.200.

Atvinnusjúkdómar

Tilkynningablað fyrir atvinnusjúkdóma er nú hægt að fylla út á heimasíðu Vinnueftirlitsins en samt sem áður þarf ennþá að senda það með pósti til stofnunarinnar. Í samkomulagi við Landlæknisembættið og sóttvarnalækni er gert ráð fyrir að allir tilkynningaskyldir smitsjúkdómar séu einvörðungu tilkynntir til sóttvarnalæknis. Sóttvarnalæknir kannar síðan hvort um geti verið að ræða atvinnusjúkdóm og sendir síðan Vinnueftirlitinu afrit af tilkynningunni.

Á árinu 2004 bárust átta tilkynningar um atvinnusjúkdóm eða meintan atvinnusjúkdóm. Tvær tilkynningar voru um atvinnusjúkdóma tengda asbest. Er það enn og aftur áminning um þann skaða sem asbest getur valdið fólki sem við það vinnur. Nú er vinna við asbest fyrst og fremst tengd niðurrifi á eldri byggingum og öðrum mannvirkjum og er brýnt að vekja athygli á þessari hættu.

Tilkynningar vegna heyrnartjóns voru 11 talsins.

Fræðslu- og upplýsingastarf

Fræðslustarf

Fræðslu- og upplýsingastarf er viðamikild hjá Vinnueftirlitinu og felst einkum í námskeiðahaldi, vinnustaðafundum og fyrirlesturum, útgáfustarfi, kennslu, greinaskrifum í fagblöð, stéttarfélagablöð og dagblöð, svo og samskiptum við fjölmiðla. Loks skal nefna bókasafn og heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Námskeið og og önnur fræðsla

Taflan hér á eftir sýnir fjölda námskeiða sem haldin eru reglulega fyrir svokallaða öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Starfsmenn vinnustaða með 10 starfsmenn eða fleiri kjósa öryggistrúnaðarmann úr sínum hópi og atvinnurekandinn skipar öryggisvörð úr hópi stjórnenda. Þessir aðilar hafa það hlutverk á vinnustöðum að vinna saman að bættu vinnuumhverfi.

Í töflunni hér á eftir eru tilgreind almenn námskeið um vinnuvernd og stutt námskeið sem m.a. eru haldin á vegum MFA, SFR og SFRV, svo og námskeið fyrir vinnustaði.



Frá námskeiði fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði.

Almenn námskeið	2001		2002		2003		2004	
	Náms	þáttt.	námsk.	þáttt.	námsk.	þáttt.	námsk.	þáttt.
Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir ¹⁾	20	167	28	347	20	251	18	246
Félagslegir trúnaðarmenn stéttarféлага ²⁾	1	21	1	14	5	97	6	91
Námskeið fyrir fyrirtæki ³⁾	-	-	-	-	3	51	5	52
Samtals	21	188	29	361	28	399	29	389

1) M.a. í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús en það námskeið heldur áfram á árinu 2005.

2) Þessi námskeið voru hluti af lengri námskeiðum fyrir trúnaðarmenn stéttarféлага.

3) M.a. í samvinnu við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (Rekspöl), Kerfóðrun, Landgræðsluna og Granda.

Á námskeiðum þeim, sem tilgreind eru í töflunni hér fyrir ofan, er m.a. fjallað um hlutverk Vinnueftirlitsins, vinnuverndarlögin og ýmsar reglur, ábyrgð stjórnenda á vinnuverndarmálum, hlutverk og verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og helstu vinnuverndarþætti á vinnustöðum, t.d. um inniloft, hávaða, hættuleg efni, líkamsbeitingu og sálfélagslega áhættuþætti (s.s. einelti, kynferðislega áreitni og kulnun). Sérfræðingar Vinnueftirlitsins í hinum ýmsu greinum taka þátt í fræðslunni á þessum námskeiðum.

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla

Vinnueftirlitið heldur námskeið fyrir stjórnendur lyftara með lyftigetu allt að 10 tonnum og minni gerðir vinnuvéla, s.s. litlar jarðvinnuvélar, vélar til útlagningar á bundnu slitlagi og vegfræsara. Í reglum heita þessi námskeið frumnámskeið. Vinnueftirlitið heldur einnig réttindanámskeið fyrir stjórnendur byggingakrana, svokölluð byggingakrananámskeið, og hleðslukrananámskeið fyrir stjórnendur krana sem festir eru á ökutæki. Frumnámskeið og byggingakrananámskeið eru

þrjú daga námskeið en hleðslukrananámskeið tekur tvo daga. Grunnnámskeið, sem taka til allra gerða vinnuvéla, eru haldin af aðilum sem Vinnueftirlitið hefur viðurkennt en þau námskeið eru 80 kennslustundir. Að vinnuvélanámskeiðum loknum þurfa nemendur að fara í verklega þjálfun hjá leiðbeinanda sem fengið hefur réttindi til þess frá Vinnueftirlitinu.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda réttindanámskeiða á árunum 2001-2004:

Réttindanámskeið	2001		2002		2003		2004	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Stjórnendur vinnuvéla -svokölluð frumnámskeið	68	1.037	56	892	50	801	47	860
Stjórnendur byggingakrana	9	69	7	44	7	69	5	47
Stjórnendur hleðslukrana	-	-	-	-	1	13	3	56
Meðferð sprengiefna	1	7	0	0	3	37	2	56
Flutningur á hættulegum farmi, grunnnámskeið	9	150	10	153	5	81	9	108
Flutningur á hættulegum farmi, framhaldsnámskeið	10	140	16	153	14	127	14	119
Flutningur á hættulegum farmi, endurmenntun -grunnámsk. ¹⁾	6	58	6	53	6	68	7	57
Flutn. á hættul. farmi, endurmenntun -framhaldsnámsk. ¹⁾	9	69	4	79	9	47	8	60
Flutningur á hættulegum farmi, fyrir öryggisráðgjafa ²⁾	1	13	-	-	-	-	-	-
Meðferð útrýmingarefna við eyðingu meindyra ³⁾	-	-	-	-	-	-	-	-
Samtals	113	99	1.374	1.543	95	1.243	95	1.330

1) Endurmenntunarnámskeið voru fyrst haldin árið 2001.

2) Þetta námskeið var fyrst haldið 2001 vegna reglna sem settar voru það ár um öryggisráðgjafa.

3) Í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Verkleg próf og útgefin skírteini	2000	2001	2002	2003	2004
Verkleg vinnuvélapróf	3374	2.660	2.372	2.345	3.046
Verkleg próf í meðferð sprengiefna	5	3	1	5	20
Vinnuvéla skírteini	1.844	1.562	1.399	1.313	1.518
ADR skírteini ¹⁾	193	348	201	160	183
Samtals útgefin skírteini	2.037	1.910	1.600	1.473	4.767

¹⁾ Ný skírteini, endurnýjuð skírteini (fyrst gefin út 2001) og vottorð um viðbótarréttindi.

Fjöldi verklegra vinnuvélaprófa miðað við fjölda réttindanámskeiða skýrist af því að sami maður getur tekið próf á margar gerðir vinnuvéla auk þess sem endurnýjun skírteina er talin með.

Fyrirlestrar


Fjölmarginir aðilar fá fræðslu um ýmsa þætti vinnuverndar í stökum fyrirlestrum og hefur þessi starfsemi aukist allmjög á síðustu árum. Fræðslan fer fram á vinnustöðum, hjá félagsamtökum, faghópum og skólum, bæði framhaldsskólum og háskólum. Í þessum fyrirlestrum var fjallað um einstaka þætti vinnuverndar, t.d. um öryggismál, áhættumat, líkamsbeitingu, inniloft og sálfélagslega áhættuþætti svo eitthvað sé nefnt. Sérfræðingar frá flestum deildum Vinnueftirlitsins tóku þátt í þessari fræðslu.

Erindi á ráðstefnum og fundum

Sérfræðingar Vinnueftirlitsins héldu fjölmörg erindi á ýmsum ráðstefnum og fundum um vinnuvernd og þróun vinnuverndar, starfsmannaheilsuvernd og rannsóknir á vinnuverndarsviði.

Útgáfustarfsemi

Vinnueftirlitið gefur reglulega út fræðsluefni um vinnuvernd til notkunar á námskeiðum, til dreifingar til ákveðinna hópa (t.d. faghópa eða trúnaðarmanna stéttarfélaga) og til sölu. Eftir því sem slíkum fræðsluprentgripum fjölgar fer hærra hlutfall fjármuna í að endurprenta áður útgefið efni. Þar sem henta þykir er nú lögð aukin áhersla á netútgáfur eins og sjá má af textanum hér á eftir. Útgáfustarfsemi var sem hér segir á árinu 2004:



Nýjar og breyttar útgáfur

Hér má sjá lista yfir nýjar útgáfur og prentgripi sem komu út í breyttri útgáfu á árinu 2004:

- Einelti og kynferðisleg áreitni. Forvarnir og viðbrögð.
- Byggjum á öryggi. Veggspjald í tilefni af Evrópsku vinnuverndarvikunni.
- Heilsuvernd á vinnustað. Áhættumat, forvarnir og heilsuefning, 1. netútgáfa.
- Áhættumat. Leiðbeiningar, 2. netútgáfa.
- Velliðan í vinnunni. Leiðbeiningar nr. 13 (1994), 1. netútgáfa.
- Fréttabréf um vinnuvernd, 2 tölublöð.
- Viðurkenningarskjöl – vegna Evrópsku vinnuverndarvikunnar *Byggjum á öryggi*.
- Ársskýrsla 2003, 37. bls.
- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. (2004). Samþætting kynja- og öryggissjónarmiða í öryggis- og heilsuverndarstarfi á vinnustað (Þýtt og endursagt úr: Gender issues in safety and health at work. A review): www.vinnueftirlit.is

Endurprentanir

- Er einelti á vinnustaðnum? Bæklingur útgefinn í samvinnu við Landlækniseimbættið.
- Bæklingurinn Hvers vegna öryggisvörður?, 5. útgáfa.
- Bæklingurinn Hvers vegna öryggistrúnaðarmaður?, 4. útgáfa.

Lokið var á árinu gerð tilraunanámsefnis með kennsluleiðbeiningum fyrir nemendur og kennara grunnskóla um hættur og forvarnastarf á heimilum bænda og í næsta nárgrenni bændabýla. Námsefnið hafði áður verið prófað í Varmahlíðarskóla í Skagafirði en á árinu 2004 var það notað í skólum víðs vegar um landið. Stefnt er að því að meta reynsluna af notkun efnisins vorið 2005 með útgáfu í huga.

Kynningar- og upplýsingamál

Hér á eftir verður getið helstu verkefna sem miðuðu að því að upplýsa stofnanir, fyrirtæki og starfsmenn í landinu um vinnuvernd og kynna það sem efst er á baugi hverju sinni.

Landsnet um heilsuefingu á vinnustöðum

Landsneti um heilsuefingu á vinnustöðum er ætlað að auka almennan skilning á gildi heilsuefingar á vinnustöðum. Ennfremur er hlutverk þess að stuðla að aukinni ábyrgð og þátttöku vinnuveitenda, starfsfólks, stjórnenda, félagasamtaka, fagfólks og hins opinbera í því að efla heilsu vinnandi fólks. Aðild að Landsnetinu eiga ríkisstofnanir, ráðuneyti, félagsamtök, fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga, vinnustaðir og sveitarfélög. Landsnet um heilsuefingu á vinnustöðum, sem er hýst hjá Vinnueftirlitinu, er aðili að Evrópska samstarfsnetinu um heilsuefingu á vinnustöðum.

Árið 2004 voru fræðslufundir haldnar annan hvern mánuð á vinnustöðum sem eiga fulltrúa í Landsneti um heilsuefingu á vinnustöðum. Fundir voru m.a. haldnar hjá Marel hf., Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Orkuveitunni og Actavis. Á fundunum kynntu fulltrúar fyrirtækjanna heilsuefingar- og heilsuverndarstarf innan vinnustaðanna. Einnig fluttu sérfræðingar á sviði lýðheilsu og vinnuverndar fyrirlestra um gildi hreyfingar, ábyrgð á líðan á vinnustað og veikindafjarvistir.

Gefið var út rafrænt fréttabréf en einnig var Landsnetið kynnt á námskeiðum fyrir öryggisráðgjafarmenn og öryggisverði hjá Vinnueftirlitinu. Málþing um streitu með yfirskriftinni Streita – forvarnir og viðbrögð var haldið á Grand Hótel 3. febrúar í samvinnu við Starfsleikni.is. Einnig voru á málþinginu flutt erindi um heilsuvernd og starf Landsnets um heilsuefingu á vinnustöðum kynnt. Í lok fundarins voru pallborðsumræður með þátttöku sérfræðinga og fulltrúa úr atvinnulífinu.



Á málþingi um streitu í febrúar flutti Valerie Sutherland, ráðgjafi frá Bretlandi, aðalerindið. Á myndinni má sjá Valerie (t.v.) og Ásu G. Ásgeirsdóttur úr fræðsludeild Vinnueftirlitsins.

Fjórðu vinnuáætlun Evrópska landsnetsins um heilsuefingu á vinnustöðum (4th Initiative) var ætlað að efla samstarf ýmissa hagsmunaaðila í hverju landi. Áætluninni lauk í júní 2004 með ráðstefnu í Dublin á Írlandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Myndun tengslaneta í Evrópu með áherslu á heilsuefingu á vinnustöðum* (Networking workplace health in Europe). Kynnt voru störf landsneta Evrópulandanna, þar á meðal íslenska landsnetsins. Einnig var kynnt heilsuefingarstarf á íslenskum vinnustað þ.e. Landsvirkjun.

Bókasafn

Bókasafn er rekið hjá Vinnueftirlitinu og veitir það starfsmönnum alla bókasafnsþjónustu í faglegu starfi auk þess sem það þjónar ýmsum stofnunum, félögum og skólum.

Í bókasafni Vinnueftirlitsins er að finna mikinn safnkost á sviði vinnuverndar, bæði erlend tímarit, bækur, skýrslur og myndbönd. Lánþegar þurfa að greiða fyrir leigu á myndböndum. Bókasafnsfræðingur Vinnueftirlitsins veitir frekari upplýsingar. Netfang bókasafnsins er library@ver.is.

Heimasíðan

Unnið var markvisst að því á árinu að auka fréttatengt efni í heimasíðunni. Það hefur skilað þeim árangri að fulltrúar fjölmiðla fara inn á síðuna í ríkari mæli en áður hefur tíðkast. Þetta má merkja m.a. af því að ítrekað hafa verið birtar fréttir af síðunni í dagblöðum, greinar skrifaðar eða tekin viðtöl við starfsfólk Vinnueftirlitsins í framhaldi af frétt sem birt hefur verið á heimasíðunni. Því má ætla að fjölmiðlafólki þyki vinnuvernd frétt næmt efni. Á árinu 2004 hefur verið unnið að hönnun nýrrar heimasíðu sem tekin verður í notkun á árinu 2005.

Rannsóknir

Rannsóknir starfsmanna Vinnueftirlitsins beinast bæði að félagslegum áhættuþáttum og atvinnutengdum sjúkdómum. Hér á eftir verða taldar upp þær rannsóknir sem unnið var að á árinu 2004. Rannsóknarverkefni sem unnið var að á árinu 2004 eru m.a. þessi:

- Áfram var unnið að rannsókninni á heilsufari, líðan og vinnuumhverfi flugfreyja, hjúkrunarfræðinga og kennara en frumkvæði að rannsókninni átti Herdís Sveinsdóttir, dós-ent við hjúkrunardeild HÍ. Rannsóknin er samstarfsverkefni HÍ og Vinnueftirlitsins og er sem slíkt hýst á Rannsóknastofu í vinnuvernd.
- Áfram var unnið að undirbúningi rannsóknarverkefnisins *LÍÐAN Í VINNUNNI, hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og viðmiðunarhópi*. Um er að ræða norrænt samstarfsverkefni sem öll Norðurlöndin taka þátt í. Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins og Krabbameinsmiðstöðvar LSH. Tryggingastofnun er einnig aðili að þessu verkefni.
- Áfram var unnið að rannsókninni *Áhrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd*. Um er að ræða samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Landlæknisembættisins, Persónuverndar, VR og Rafiðnaðarsambandsins. Rannsóknin er að hluta fjármögnuð af Rannís og Rannsóknasjóði HÍ.
- Áfram var unnið úr gögnum rannsóknarinnar *Vinnuumhverfi í útibúum banka og sparisjóða*. Grein var birt í Læknablaðinu um samspil vinnuskipulags og eineltis. Einnig var unnið að grein til að senda í erlent tímarit um vinnuskipulag og líðan starfsmanna.
- Gagnaöflun í rannsóknina *Heilsufar bænda* hófst með útsendingu spurningalista til allra bænda með yfir 100 ærgildi. Auk þess heimsóttu eftirlitsmenn bændabýli. Frekari gagnaöflun og úrvinnsla er ráðgerð á árunum 2005 og 2006. Rannsóknin hefur að nokkru leyti verið styrkt af Rannís, Framleiðnisjóði bænda, Vísindasjóði Odds Ólafssonar og University of Iowa í Bandaríkjunum. Á árinu 2004 var gengið frá tveimur erindum sem kynnt verða á árinu 2005.
- Unnið var áfram að þróun samnorræns spurningalista til að meta öryggishegðun á byggingavinnustöðum. Verkefnið er unnið í samvinnu vinnuverndarstofnana á hinum Norðurlöndunum en ákveðinn bakgrunnur þess verkefnis kom út á árinu í skýrsluformi (sjá kaflann *Skýrslur*).

Innlent samstarf

Starfsmenn Vinnueftirlitsins tóku þátt í starfi neðangreindra stjórnna, nefnda, ráða og vinnuhópa:

- Verkefnahópur landlæknis um lýsigagnagrunna.
- Verkefnishópur heilbrigðisráðuneytisins um heilsufar kvenna.
- Slysavarnaráð.
- Vinnuverndarnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Undirbúningsnefnd vegna málþingsins *Reykingar – konur og karlar. Þarf kynbundna nálgun í forvörnum og reykleysismæðferð?* Grand Hótel, 4. júní 2004. Málþingið var haldið fyrir forgöngu rannsóknarhóps innan verkefnishóps heilbrigðisráðuneytisins um heilsufar kvenna.
- Rannsóknarverkefni um líðan og vinnuumhverfi lækna í nokkrum löndum.
- Landlæknisembættið, Persónuvernd, VR og Rafiðnaðarsambandið um rannsóknarverkefni um rafrænt eftirlit á vinnustöðum.
- Verkefnið *Hollvinir hins gullna jafnvægis*.
- Umsjón með *Landsneti um heilsuefingu á vinnustöðum*.
- Stjórn Vinnuvistfræðifélags Íslands (m.a. formennska).
- Stjórn Byggingastaðlaráðs.
- Lagnafélag Íslands.
- Lagnakerfamiðstöð Íslands.
- Samvinna við Byggingafultrúann í Reykjavík.
- Samráðsfundir með markaðsgæsludeild Löggildingarstofu um samstarf og verkaskiptingu í markaðseftirliti.
- Samstarf við Löggildingarstofu um gerð gæðahandbókar og skoðunarbókar tilkynnts aðila varðandi þrýstibúnað.
- Samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Samtaka iðnaðarins og Samiðnar um innleiðingu nýrra aðferða í vinnuverndarstarf í byggingar- og málmíðnaði.

Erlent samstarf

Samstarf um vinnuverndarmál hefur verið milli Norðurlandaþjóða í áratugi, svo og milli landa í Evrópusambandinu. Vegna aðildar Íslendinga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið taka Íslendingar einnig þátt í slíku samstarfi.

Helstu samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins á erlendum vettvangi á árinu 2004 voru:

Norræna ráðherranefndin

- Samhæfingarnefndin um staðlasamstarf (Koordinationskomiteen) skipuleggur og tekur ákvarðanir um grundvallaratriði varðandi norrænt samstarf um Evrópustaðla og EB-tilskipanir. Einn fulltrúi er frá hverju landi í nefndinni. Tveir fundir voru haldnir á árinu.
- Einn sameiginlegur fundur var haldinn með staðlahópum nr. 1-5 á árinu.
- Norrænn staðlahópur nr. 1 fjallar sérstaklega um staðla varðandi almennar grundvallarkröfur um öryggi og hönnun véla og tæknilegs búnaðar. Hópurinn hélt tvo fundi á árinu.
- Norrænn staðlahópur nr. 2 fjallar um staðla varðandi farandvinnuvélar, lyftur og lyftibúnað, verkpalla o.fl. Hópurinn hélt einn fund á árinu.
- Norrænn staðlahópur nr. 3 fjallar um staðla varðandi vélar í matvælaíðnaði, prent- og pappíríðnaði, trésmíðavélar, málmsteypuvélar, valsamstæður, pökkunarvélar o.fl. Deildarstjóri tæknideildar er formaður þessa hóps. Hópurinn hélt einn fund á árinu.
- Norrænn staðlahópur nr. 4 fjallar um staðla varðandi persónuhlífar. Hópurinn hélt einn fund á árinu.
- Norrænn staðlahópur nr. 5 fjallar um staðla varðandi vinnupalla. Hópurinn hélt einn fund á árinu.
- Norrænn samráðsfundur um aðferðir við eftirlit með félagslegum aðbúnaði á vinnustöðum, m.a. skipulagi vinnunnar, vinnuálagi o.fl.
- Norrænn verkefnisfundur um markaðseftirlit með persónuhlífum.
- Nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til hlutunar styrkja til norrænna velferðarrannsóknna, *Välfärdsforskningsprogrammet*.
- Norrænt verkefni um öryggi við mannvirkjagerð.
- Seta í Norrænu vinnuverndarrannsóknaneftirlitinu.

Annað norrænt samstarf

- Norrænt verkefni. LÍÐAN Í VINNUNNI – hjá þeim sem greinst hafa með krabbamein og viðmiðunarhópi.
- Stjórnarseta í NSF – Nordiskt Sociologförbund.
- Seta í ritstjórn Acta Sociologica.
- Seta í stjórn NIVA.
- Stjórnarseta í NES – Nordic Ergonomics Society.
- Seta í ritstjórn Nordic Journal of Psychiatry.
- Seta í stjórn Nordic Association for Psychiatric Epidemiology.

Annað erlent samstarf

- Bændarannsókn í samvinnu við University of Iowa.
- Evrópuverkefnið Mental Health Economics.
- Seta í ritstjórnarráði (Executive board) Scandinavian Journal of Public Health.
- Aðili að IALI, alþjóðlegum samtökum um vinnueftirlit.
- Þátttaka í fundum á vegum Evrópusambandsins og SLIC um Evrópskt byggingaáttak sem fram fór 2003.
- Stjórn á „plenum session“ og fyrirlestralotu (Breakout session) á fjórðu Evrópsku ráðstefnunni um heilsuefingu á vinnustað. (4th European Conference on Promoting Workplace Health: Networking Workplace Health in Europe), júní 2004.
- Seta í ráðgjafanefnd (Advisory committee) á vegum Evrópska samstarfsnetsins um heilsuefingu á vinnustöðum (European Network for Workplace Health Promotion – ENWHP), 2003-2004.

Ráðstefnur og málþing

NAM – 50. norræna vinnuverndarráðstefnan

50. norræna vinnuverndarráðstefnan (50 Nordiska arbetsmiljömötet) var haldin á Hótel Nordica í Reykjavík dagana 30. ágúst til 1. september 2004 og er það í fimmta sinn sem ráðstefnan er haldin hér á landi. Alls sátu um 150 þátttakendur ráðstefnuna, þar af um 110 frá hinum Norðurlöndunum. Yfir 60 fyrirlestrar voru haldnir og 40 veggspjöld kynnt, m.a. undir þemunum: sálfélagslegt vinnuumhverfi/einelti, heilbrigður í vinnunni – heilsusamlegt atvinnulíf, faraldsfræði, ofnæmi, sýnataka og greiningar, eiturefnafræði, úttektir í tilteknum atvinnugreinum og áhættugreining. Gestafyrirlesarar voru prófessor Mikko Härmä frá *Finnsku rannsóknastofnuninni í vinnuvernd*, sem fjallaði um áhrif vaktavinnu á heilsuna; prófessor Jorma Rantanen, þáverandi yfirmaður *Finnsku rannsóknastofnunarinnar*, sem fjallaði um þróun vinnuverndar á Norðurlöndunum síðastliðin 50 ár og samvinnu Norðurlandanna um rannsóknir á því sviði, og Helge Kjuus, yfirlæknir á *Norsku rannsóknastofnuninni í vinnuvernd*, sem fjallaði um hvernig mengunarmörk væru sett, hvort um vísindi væri að ræða, tilviljanakenndar ákvarðanir eða hvort stjórn mála hefðu þar áhrif. Hægt er að nálgast útdrætti úr fyrirlestrunum og veggspjöldunum á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is undir Fræðsla/Ráðstefnur. Næsta Norræna vinnuverndarráðstefnan verður haldin í Ängelholm í Svíþjóð 28.-31. ágúst 2005, heimasíða www.arbetslivsinstitutet.se/nam2005.

Norrænn fundur fólks í fræðslustörfum

Fólk í fræðslustörfum hjá vinnuverndarstofnunum á Norðurlöndum hittist einu sinni á ári í löndunum til skiptis, þ.e.a.s. sjötta hvert ár í hverju landi. Árið 2004 var röðin komin að Vinnueftirlitinu á Íslandi að halda slíka ráðstefnu. Fór hún fram á Bifröst í Borgarfirði.



Hópvinna undir berum himni undir stjórn Stefáns Jökulssonar.

Óvenjumargir þátttakendur voru á fundinum að þessu sinni, nánar tiltekið um 40 manns, þar af fimm íslenskir.

Áherslan var m.a. lögð á hvernig samvinnu rannsakennda og fólks í fræðslustörfum væri best háttáð þannig að niðurstöður rannsókna nýttust með sem bestum árangri í fræðslustarfinu. Í því sambandi greindi Svava Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, frá dæmum um hvernig slíkri samvinnu hefði verið háttáð hjá Vinnueftirlitinu. Einnig var fjallað um skipulagningu fræðsluátaka með áherslu á hvernig best væri að ná til viðkomandi markhópa og annaðist Stefán Jökulsson, lektor við Kennaraháskóla Íslands, þá fræðslu. Þóra Helgadóttir, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, ræddi um efnahagslegan ávinning af fræðslu til starfsmanna vinnustaða en það vandamál hefur oft verið rætt að erfitt sé að greina þann ávinning sem vinnuverndarstarf hefur í för með sér.

Rannsókn á vegum Vinnueftirlitsins hefur verið gerð um áhrif rafræns eftirlits á starfsmenn fyrirtækja og greindi dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, félagsfræðingur hjá Vinnueftirlitinu, frá þeim niðurstöðum sem fyrir lágu. Dr. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, sérfræðingur Vinnueftirlitsins í heilbrigðisvísindum, sagði frá rannsóknnum Vinnueftirlitsins um heilsu kvenna í þremur kvenna-starfsstéttum, þ.e. kennara, flugfreyja og hjúkrunarfræðinga.

Góðir fyrirlestrar, hið fagra umhverfi Borgarfjarðar og afar gott veður ráðstefnudagana, þar sem hópvinna gat farið fram undir bláum himni – allt þetta gerði það að verkum að ráðstefnan varð bæði fróðleg, gagnleg og skemmtileg.

Málþing

Eftirfarandi málþing voru haldin á árinu:

- Streita - forvarnir og viðbrögð
 - morgunverðarfundur á Grand Hótelu 3. febrúar.
- Veikindafjarvistir - lífsstíll, vinna, viðbrögð
 - morgunverðarfundur á Hótel Sögu 4. júní í samvinnu við Landlæknisembættið og *Þjóð gegn þunglyndi*.
- Rafrænt eftirlit á íslenskum vinnumarkaði
 - morgunverðarfundur á Grand Hótelu 17. nóvember.
- Einelti á vinnustað
 - morgunverðarfundur á Grand Hótelu 8. desember.

Birtar greinar og bókakaflar

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Kristinn Tómasson. (2004). Einelti, vinnuskipulag og líðan starfsmanna. *Læknablaðið* 2004;90, 847-851.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Kristinn Tómasson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2004). Vinnuálag og líðan mismunandi starfshópa kvenna í öldrunarþjónustunni. *Læknablaðið* 2004;90, 219-224.

Tómas Helgason, Kristinn Tómasson, Eggert Sigfússon, Tómas Zoëga. (2004). Skimun fyrir algengi geðraskana 1984 og 2002 og ávísanir geðlyfja 1984 og 2001. *Læknablaðið* 2004;90, 553-9.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. (2004). Þeir bjargast helst sem ferðast á fyrsta farrými. Um tengsl félagslegrar stöðu og heilsufars. Irma Erlingsdóttir (Ritstj.), *Fléttur II. Kynjafræði – kortlagningar*. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Háskólaútgáfan (419-442).

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2004). Vinnuumhverfi, líðan og kynferði. Irma Erlingsdóttir (Ritstj.), *Fléttur II. Kynjafræði – kortlagningar*. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Háskólaútgáfan (bls. 401-418).

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2004). Íslenskur sjávarútvegur við aldhörf. Félagfræðilegur sjónarhóll. Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði* (bls. 183-199). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rafnsdóttir G. L. (2004). Reproducing av könsmakt genom ny teknologi. Könsmakt i Norden. Oslo. <http://kjonn.maktutredningen.no/aktuelt/752>

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir. (2004). Upplýsingatækni – Eftirlitsþjóðfélag. Úlfar Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 181-191). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Sigrún H. Kristjánsdóttir. (2004). Rafrænt eftirlit á vinnustöðum. *Tímarit lögfræðinga* 2. hefti 54. árgangur (bls. 265-289).

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. (2004). Sálfélagslegir áhættuþættir óþæginda í stoðkerfi hjá konum í öldrunarþjónustunni. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 80(2), 46-47.

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. (2004). Heilsufar, líðan og vinnuumhverfi kennara. *Skólavardan* 4(8):13.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. Om informationsteknologi, arbetsmiljö och personskydd. *Arbetsliv i Norden* 3/18:24.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. „Rafræn vöktun. Er fylgst með þér í vinnunni?“ *VR-blaðið*. 3. tbl. 26. árgangur maí.

Rafnsdóttir, G. L., Guðmundsdóttir, M. L. (2004). New technology and its impact on well being. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, 22, 31-39.

Rafnsdóttir, G. L., Gunnarsdóttir, H. K., Tomasson, K. (2004). Work organization, well-being and health in geriatric care. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, 22, 49-55.

Gunnarsdóttir, H. K., Tomasson, K., Rafnsdóttir, G. L. (2004). Well-being and self-assessed health among different groups of female personnel in geriatric care. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, 22, 41-47.

Gunnarsdóttir, H. K., Tomasson, K. (2004). Mortality among female industrial workers in Iceland. *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation*, 22, 63-68.

Tomasson, K., Gunnarsdóttir, H. K., Rafnsdóttir, G. L., Helgadóttir, B. (2004). Correlates of probable alcohol abuse among women working in nursing homes. *Scandinavian Journal of Public Health* 32, 1, febrúar, 47 – 52.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. 18% vita af rafrænu eftirliti á vinnustað. *Birta*. 19. mars.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. Þolendur upplýsingatækninnar. *Tölvuheimur*. Apríl.

Sigfús Sigurðsson. (2004). Evrópska vinnuverndarvikan. *Byggingin*.

Hér eru ekki taldar upp þær greinar sem starfsmenn Vinnueftirlitsins skrifuðu í *Fréttabréf um vinnuvernd*. Sjá einnig kaflann *Útgáfustarfsemi* hér að framan.

Skýrslur og þýðingar

Skýrslur

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir.
(2004). *Ahrif upplýsingatækni á vinnuumhverfi og persónuvernd*
- Fræðileg samantekt og niðurstöður tveggja spurningakannana.
Óútgefin skýrsla (131 bls).

Safety in Building and Construction Industries: State of the
art and perspectives on prevention. Kines. P. (Ed.).
TemaNord 2004:520. Nordic Council of Ministers,
Copenhagen, Denmark. [http://www.norden.org/pub/
velfaerd/arbetmiljo/sk/TN2004520.pdf](http://www.norden.org/pub/velfaerd/arbetmiljo/sk/TN2004520.pdf)

Þýðing

Hólmfríður K. Gunnarsdóttir þýddi *Norræna spurningalista
nn um sálfélagslega þætti í vinnunni. (QPSNordic. General Nordic
Questionnaire for Psychological and Social Factors at Work.)* (2004).
Höfundar listans: Lindström K., Elo A-L., Skogstad A.,
Dallner M., Gamberale F., Hottinen V., Knardahl S. Ørhede E.
Norræna ráðherranefndin. Kaupmannahöfn:
TEMANORD 2000. www.vinnueftirlit.is

Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins

Aðalskrifstofa:

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími: 550-4600 – fax: 550-4610
netfang: vinnueftirlit@ver.is

Húsavík (útbú):

Útgarði 1, 640 Húsavík
sími: 464-2300 – fax: 464-1678
netfang: vpg@ver.is

Vesturland:

Stíllholti 18, 300 Akranesi
sími: 431-2670 – fax: 431-2025
netfang: vesturland@ver.is

Austurland:

Kaupvangi 6, 700 Egilsstöðum
sími: 471-1636 / 471-2280 – fax: 471-2017
netfang: austurland@ver.is

Vestfirðir:

Árnagata 2-4, 400 Ísafirði
sími: 450-3080 – fax: 450-3085
netfang: vestfirðir@ver.is

Suðurland:

Sunnumörk 2, 810 Hveragerði
sími: 483-4660 / 483-4629 – fax: 483-4849
netfang: sudurland@ver.is

Norðurland vestra:

Faxatorgi 1, 550 Sauðárkróki
sími: 455-6015 – fax: 455-6016
netfang: n-vestra@ver.is

Vestmannaeyjar (útbú):

Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjum
sími: 481-2834 – fax: 481-3228
netfang: hosk@ver.is

Norðurland eystra:

Skipagötu 14, 600 Akureyri
sími: 460-6800 – fax: 460-6809
netfang: n-eystra@ver.is

Reykjanes:

Grófinni 17a, 230 Reykjanesbæ
sími: 421-1002 – fax: 421-4972
netfang: reykjanes@ver.is

